

Örn efnaskrá.

VALADALUR.

Skagafjarðarsýsla..

Seyluhreppur

Skrásetjari : Rósmundur G.Ingvársson, f. 6.08.1930.

Heimildir og heimildarmenn :

Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu, 1781 - 1958

Landamerkjaskrá fyrir Valadal með hjál. Valabjörgum og Valagerði, dags. 8. maí 1890.

Örnefnaskrá M.J. f. Valagerði, Valadal og Valabjörg, tekin eftir frásögn Stefáns Friðrikssonar í Glæsibæ , í nóv. 1930. Stefán ólst upp í Valadal til tvítugsaldurs, og fáðir hans gjörþekkti örnefnin í öllum dalnum , eftir því sem honum höfðu sagt gamlir menn í dalnum. (Örn.skrá M.J.)

Örnefnaskrá Valadals, skráð af Gissuri Jónssyni og Hjalta Jónssyni árið 1981. (G.J. og H.J.)

Athugasemdir við örн.skrá Valadals, frá Jóni Gissurarsyni frá Valadal, 26. 02. 1993.

Aths. og viðbætur , við Örn.skrá M.J., frá Guðmundi Jósafatssyni. Hann var fæddur 1894 og var í Valagerði 1900 - 1907. (G.Jós.)

Örnefni í Valadalslandi, skráð af Hannesi Péturssyni 2. nóv. 1968, eftir sögn Guðm. Jósafatssonar.

Skagfirðingabók 12. Lýsing húsa í Valadal, e. Jón Pétursson frá Nautabúi.

Jón Gissurarson frá Valadal. f. 5.11.1946. Bóndi í Víðimýrarseli. Ofl.

Valadalur á Skörðum ,(1) er í Skörðum og í Víðimýrar-kirkjusókn . Dalurinn sem bærinn stendur í - eða stóð í - og fær nafn af, er þverdalur til suðurs úr Vatnsskarði. Eftir honum kemur Valadalsá,(2) sem sveigir til austurs og fær nafnið Vatnsskarðsá og sveigir síðan aftur til norðurs og heitir Sæmundará.

Valadalur var talinn 20 hundruð að dýrleika að fornu mati með hjáleigunni

Valabjörgum, (3) sem metin var einn fjórði úr Valadalseigninni. Árið 1861 var Valadalur með hjáleigunni Valabjörgum og nýbýlinu Valagerði (4) metin á 45,6 hundruð. Þar af var heimajörðin talin 28,2 hundruð.

Helstu hlunnindi í Valadal eru talin vera silungsveiði í Arnarvatni og Vatnshlíðarvatni, svo og í Arnarvatnslæk. Um hlunnindi segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín :

Torfrista og stunga bjargleg. Hrísrif til eldiviðar og kolagjörðar hjáplegt.

Silungsveiðivon í Vatnshlíðar- og Arnarvötnum að góðu gagni, ef aðsókt væri, og til forna góð. Grasatekja til heinilisnauðsynja. Selstaða í eigin landi.

Talið er að í Valadal hafi verið Bænhús (5) til forma. Árið 1713 er sagt að engin merki sjá-ist um Bænhúsið, en sagt að það muni til forna verið hafa, (og er þetta að heyrn en öngvum sjónarmerkjum.) (Jarðabók Árna og Páls.)

Valadalur var bændaeign, sem kallað er. Árið 1762 bjó í Valadal, Þorlákur Gíslason og hann átti jörðina, en seldi hana líklega 1782 Konráði Jónssyni í Kolgröf, sem flytur þangað 1783 og býr þar í tvö ár. Hélst Valadalur lengi síðan í eigu hans og sonar hans, séra Jóns Konráðssonar á Mælisfelli. Tímabilið 1785 til 1851 bjó sama ættin í Valadal og oft stórbúi. Það voru fyrst Andrés Björnsson og kona hans Ingibjörg Ólafsdóttir og svo niðjar þeirra. Eru þeir oft kenndir við jörðina og ættin kölluð Valadalsætt. 1849 - 1876 bjuggu í Valadal Pétur Pálason og Jórunn Hannesdóttir. Þau bjuggu síðar á Álfgeirsvöllum . Jón Pétursson og Sólveig Eggerts dóttir bjuggu í Valadal 1891 - 1897. Pau bjuggu síðan á Nautabúi (Lýt.hr.) og í Eyhildarholti. Eftir aldamótin 1900 hafa búið í Valadal :

Nokkrir síðustu ábúendur.

Friðrik Stefánsson og Guðríður Pétursdóttir 1900 - 1925. Friðrik dó 16. júní 1925.

Stefán Stefánsson og Margrét Sigurðardóttir, 1903 - 1904. Þau fóru að Brenniborg og bjuggu þar.

Stefán Friðriksson og m.h. Guðríður Pétursdóttir, 1925 - 1927. Fóru 1928 að Glæsibæ.

Jón Árnason og Dýrborg Daníelsdóttir, 1927 - 1938. Jón dó 12. okt 1938.

Kári Jónsson ókv. 1933 - 1944. Kári fór til Rvíkur.Bjó síðar í Valagerði

Hjalti Jónsson og Ólina Eiríksdóttir, 1938 - 1944. Fluttu til Rv. og síðar í Víðiholt.

Gissur Jónsson ókv. 1933 - 1940. Bjó móti foreldrum sínum.

Gissur Jónsson og Ragnheiður Eiríksdóttir 1940 - 1972 Ragnh. fl. til Reykjavíkur
G. fór til sonar síns í Vífimýrarsel.

Stefán Friðriksson keypti Valadal árið 1925 af öðrum erfingjum Friðriks, og seldi jörðina aftur árið 1927 Jóni Árnasyni.

Valadalur hefur verið í eyði síðan 1972, en er nytjaður að hluta frá Valagerði. Gissur Jónsson átti jörðina. Hann lést 24. marz 1999. Börn hans eiga nú jörðina.

Valabjörg (6) voru hjáleiga frá Valadal, og síðar úrskipt jörð. Þau fóru í eyði 1941 og voru svo nytjuð frá Valadal um stutt skeið, en síðan verið í eigu annara manna. Land Valabjarga er suðvesturhornið af óskiptu landi Valadals

Valagerði,(7) sem er við þjóðveginn um Vatnsskarð (8) og nyrst og austast í landi því er Valadalur átti, var byggt sem nýbýli um miðja 19. öld. Áður hafa líklega verið þar beitarhús frá Valadal og túnkragi umhverfis þau. Valagerði mun í fyrstu hafa verið talið húsmannsbýli, en síðar sérmetið á 6 hundruð að dýrleika. Þar er enn búið (1998), en höfuðbólið Valadalur hefur verið í eyði um skeið. Þessi býli, eins og önnur “á Skörðum” standa nokkuð hátt yfir sjó og að Valadal er lélegur bílvegur að mati nútíðar, (1998).

Nýlega hefur verið reistur sumarbústaður á landi Valadals og hefur hann fengið nafnið Valabakki (9) og úrskipta lóð. Húsið stendur fast við sunnanvert Vatnshlíðarvatn,(10) nær austast. Stofnandi og eigandi er Stefán Gissurarson frá Valadal. Lóðin er afgirt og skógrækt hafin þar. Hún nær suður að gamla þjóðveginum, en áður fyrr var vegurinn sunnan við vatnið og hann sést vel enþá (1998).

Í Valadal er (1998) eitt hús í notkun. Það er allstór skemma vestan við Valadalsána, út og yfir frá bæjarrústunum, og er hún notuð sem fjárhús - beitarhús frá Valagerði.

Bærinn í Valadal er nú að mestu horfinn, en enþá sést hvar hann stóð. Hann var byggður 1906 - í tíð Friðriks Stefánssonar. Fjósið var og er ofan við bæinn, byggt 1953 úr steinsteypu. Skammt ofan við bæinn og örлітиð norðar voru fjárhús og hlaða, byggð upp úr 1940 (1942). Einnig var bygging suður af bænum - suður við lækinn og mun það hafa verið eldra fjós. 1960 voru svo byggð fjárhús á rústum fjóssins. Þau eru nú horfin. Þá voru fjárhús vestan við ána, á móti bænum, þar sem heitir Gerði og þar stendur enn votheystóft. Suður á Hesthúshól (11) sjást leyfar af byggingum og þar var hesthús og hlaða við það. Þar var einnig hrútakofi. Eftir að hætt var að nota þau hús var veggjunum ýtt út. Höllinn er í túninu kippkorn suður af bæjarstæðinu, og í seinni tíð var hann jafnan nefndur Gerðishóll. (sbr. síðar). Skemman, sem fyrr er nefnd er 160 kinda fjárhús, byggð 1965. Húsið stendur á lágum mel, en neðan við það er tún, þar sem áður hét Stekkjareyri, en var hin síðustu búsetuár í Valadal, kallað Grund(11a). Stekkurinn er horfinn.

Lýsingu húsa í Valadal er að finna í Skagfirðingabók nr. 12 , (1983). “Lýsing húsa í Valadal” er skrifuð af Jóni Péturssyni frá Valadal og síðar bónda á Nautabúi. Með lýsingunni er mynd af Valadalsbænum 1950 - 1960. Lýsingin á þó við eldri bæ en þann sem myndin er af. Einnig er þar lýsing á myllu, og segir m.a. “ Þegar vorleysingar voru úti var sett niður mylla í bæjarlækinn. Var hún í gangi á hverju sumri frá því leysti og þar til fór að frjósa á haustin Hún malaði allt fyrir heimilið og nokkuð fyrir aðra. Á þessum tínum voru myllur allviða og sumir höfðu nokkrar tekjur af mölun; tóku þeir tvær krónur á tunnuna, sem jafngilti einu dagsverki um sláttutímann. ---” Lækurinn var láttinn knýja mylluna. Fram kemur að faðir Jóns, Pétur Pálmasón, byggði upp bæði bæinn og útihúsin í Valadal. Sá bær var svo rifinn 1906.

Farvegi árinnar var breytt neðan við túnið , skurður grafinn á öld véla og ánni beint í hann.

Um Valadal segja fasteignamatsnefndarmenn árið 1964.m.a. Jarðvegur túnsins $\frac{1}{2}$ grunnur. Hitt djúpur og framræstur. Lítill kalhætta. Girt. Garðar engir. Engið er véslægir, ábornir bakkar, 150 hestburðir . Afar mikið landrými, gott fjárland, vestan í Valadalshnjúk, heiðaland, stararflár og kvistgróður. Hagagirðing 8 km. Afréttarland Eyvindarstaðaheiði. Tún 9,49 ha. véslægt. Fjós; steinhús einangrað torfi og með sjálfbryningu,- sæmilegt. Um búskaparaðstöðu segir; Nokkuð afskekkt, landgóð heiðajörð Vegalengd til Sauðárkróks (næsta verzlunarstaðar) 38 km. 2 km af aðalvegi

misjafn vegur,- að öðru leiti góðar samgöngur innan sveitar. Mjög miklir ræktunarmöguleikar. Um neysluvatn segir; Ágætt, öruggt, sjálfrennandi. Ekki var þá rafmagn í Valadal.

Valadalur var í þjóðbraut :

Þótt til sanns vegar megi færa, að Valadalur sé ofurlítið afskekktur bær nokkra síðustu áratugina, eða síðan bílaöld kom til sögu, - þá má einnig segja að bærinn hafi verið í þjóðbraut um aldir. Þá var ekki um bílfærar veg að tala heldur hestagötur og gönguleið. Mun hafa verið nokkuð flölfarin leið úr Skagafirði, inn eftir Valadal og áfram til suðvesturs og ofan í Svartárdal og áfram á Kjalveg eða Stórasand. Mun víða finnast í sögunni að Valadalsleiðin hafi verið farin. Gömul vísa er eitthvað á þessa leið.:

*Við skulum koma að Valadal,
vænan hitta Pétur.
Mínum góða gjarðaval
gefur enginn betur.*

Smákaflí úr Sturlungu, tekinn af handahófi, er á þessa leið:

Miðfirðingar riðu norður Vatnsskarð sjö saman og komu um kvöldið fyrir Lárentíusmessu í Valadal og slögust þar inn og töku það er laust var. Þá komu þar Kolbeins menn, þeir er seitn höfðu orðið, og flettu þá alla og særðu einn mjög. Sá hét Porkell berklingur. En aðra létu þeir fara suður á fjall með sér og fundu þeir Kolbein í Vinverjadal og gaf hann þeim gríð og fóru þeir aftur vopnlausir.

Þetta mun hafa verið árið 1238 og það er Kolbeinn ungi sem kemur við sögu. Þessi gestakoma í Valadal hefur verið mjög óskemmtileg. Miðfirðingarnir sjö voru frá óvinaliði Kolbeins og þess vegna leika Kolbeinsmenn þá illa og taka þá með sér er þeir riðu á eftir Kolbeini.

Upprekstrarleið til Eyvindarstaðaheiðar frá Brekku og fleiri bæjum , var þjóðleiðina inn eftir Valadal og fram Svartárdalsfjall.⁽¹²⁾ Var þá farið rétt hjá bænum á Valabjörgum.

Landlysing í grófum dráttum.

Svo sem fyrr greinir gengur Valadalurinn ⁽¹³⁾ til suðurs þvert úr Vatnsskarði_og eftir honum kemur Valadalsá. Austan við dalinn eru há og mikil fjöll, sem heita Valadalshnjúkur ⁽¹⁴⁾ norðast og síðan Hellufell ⁽¹⁵⁾, en þetta tvennt er í rauninni sama fjallið. Inn í það austan frá gengur Nónskál, en hún nær ekki að skera fjallið sundur. Sunnan við Hellufell tekur við Moshlíðarhnjúkur, ⁽¹⁶⁾ Þessi fjöll eru öll geysilega há, eða 850 - 940 m. samkv. landakorti. Vestan við þessi fjöll og nokkru lægri eru Móðarsfell ⁽¹⁷⁾ og Hádegishnjúkur ⁽¹⁸⁾ og á þeim slóðum hallar landi mikið til vesturs, allt ofan í Valadal og Kvarningsdal.⁽¹⁹⁾ Vestan við dalina er land mun jafnlægra og laust við háa hnijúka, en í grófum dráttum fer það hækkandi eftir því sem vestar kemur. Þó er aftur lægra við Arnarvatn ⁽²⁰⁾ og í dalverpi suður frá Klittum. ⁽²¹⁾ Klittur eru í landi Valabjarga.

Landamerkjaskrá Valadals.

Landamerkjaskrá fyrir Valadal með hjál. Valabjörgum og Valagerði Skagafjarðarsýslu.

Að norðaustan, móts við Víðimýrarland, liggja merkin úr hæsta depli á Brúarhló, ⁽²²⁾sem er gegnt Vatnsskarði, beinlínis í vörðu á Efri- Strýtuhol; ⁽²³⁾ Þaðan sömu stefnu yfir stein, sem hlaðið er ofan á , í gil það, sem liggur ofan austanvert við há-Hellufell; ⁽²⁴⁾ Ráða þá fjallsbrúnir suður á móts við Rauðuskriðu, ⁽²⁵⁾ sem er vestur undan norðurenda Kistu.⁽²⁶⁾ Úr Rauðuskriðu móts við Bergsstaðaland, beina línu yfir Víðirfell ⁽²⁷⁾ í Selgil ⁽²⁸⁾, þá eftir uppsettum merkjum beint vestur fjall í Klofastein ⁽²⁹⁾ á Dýhól, ⁽³⁰⁾ hvar saman koma lönd jarðanna Valadals, Bergsstaða og Eiríksstaða. Frá Klofasteini - móts við Eiríksstaðaland, eftir merkjavörðum norður fyrir austari ? Langasund(31) yfir Holnamýri ⁽³²⁾ beina línu í Arnarvatnsenda ⁽³³⁾ syðri (eða

lækjarós sen er vestar en í hann miðjan). Svo eftir vatninu og læk þeim sem úr því fellur til Vatnshlíðarvatns.(34) Þá eftir því vatni og læk þeim, er úr því fellur til Sæmundarár(35) og eftir henni til fyrrgreindra landamerkjá.

Álfgeirsvöllum, 8. maí 1890. P.Pálmasón

Samþykkir skrifa svo undir fulltrúar Víðimýrar, Vatnsskarðs og Vatnshlíðar, Eiríksstaða, Fjósa og Bergsstaða.

Landamerki Valadals og Valabjarga eru jafnframt Sýslumerki,(36) allt frá Kistu vestur, norður og austur fyrir Vatnshlíðarvatn, þar sem lækur sá er rennur úr Vatnshlíðarvatni og Myllulækur (37) heitir, er á sýslumörkum Skagafjarðarsýslu og Húnnavatnssýslu. Við lækinn eru veggjabrot af mylnukosa (Örn.skrá M.J.)

Landamerki milli Valadals og Bergsstaða eru Selgil og lína austur yfir Víðirfell og Þróngadal á fjallsbrún. Það eru einnig sýslumreki. (G.J. og H.J.) Land Valadals náði áður fram í Faxagil, en sagt er að einhver prestur á Bergsstöðum hafi náð af Valadal spildu milli Faxagils og Selgils.

Landamerkjaskrá Víðimýrar segir um merkin, sem vita að landi Valadals og Valagerðis, að þau séu --- vestur á móts við Nónskálarbrún, (38) þar sem hún gengur lengst til vesturs, þaðan ræður merkjum að vestan bein lína efst í Skriðugil (39) það, er fellur niður austanvert við há-Hellufell. Þaðan sjónhending yfir Strýtuhol er í Brúarhló við Sæmundará - nær því andspænis Vatnsskarðsbæ. ---

Landamerki Valadals gagnvart Álfgeirsvöllum, liggja af Valadalshnjúk eftir vesturbrún fjallsins fram í Kistu. Þar er Rauðaskriða og úr henni er landamæralínan , gagnvart Bergsstöðum, í Selgil.

Búseta í Valagerði mun hafa hafist árið 1851 og hefur verið búið þar síðan , nema 1856 - 1857. Girt hefur verið milli Valagerðis og Valadals um skeið, en nú er þar engin girðing .

Örnefni í Valadalstúni.

Bæjarlækur(40) kemur ofan af Húsadal og rennur eftir Bæjargili. Hann klýfur Valadalstún (41) og rennur í Valadalsá. Norðan hans er Norðurtún (42) og sunnan Suðurtún, (43) Gerði, (44) Lambhagi,(45) Gerðishóll (46) og Gerðisgil.(47) Þá taka við Melar , sem áður er lýst. (G.J. og H.J.) Einnig Gerðistún. (48)

Lambhagi er sunnan við túnið og suðaustur frá honum gengur Gerðisgil , suðaustur að norðurenda Kársstekkskeldunnar. (G.Jós.)

Bæjarvöllur(49) var í kringum bæinn. Húsahóll (50) er norðan við húsin efst í túninu. Vestan í hólnum var matjurtagarður. Bjarnahóll er upp undan eldra fjósinu. (G.Jós.) (Sjá einnig kaflann Hlaðvarpi ofl. hér aftar í skránni.)

Við lækinn efst í túninu er hóll sem heitir Bjarnahóll (51), og á honum stóð hesthúskofi sem fallinn er fyrir löngu og gekk undir nafninu Bjarnakofi. (52) (örn.skrá H.P.)

Sunnan - Suðvestan í Bjarnahól var matjurtagarður. Þar óx síðan kúmen og gerir líklega enn, og það var notað í brauð ofl. Rófur spruttu vel í garðinum, en kartöflur ekki vel.

Sunnan í Gerðishóll var annar matjurtagarður, (snéri að Lambhaga). Hleðsla kringum garðana sést enjpá .

Tvö Gerði eru í Valadal, sitt hvoru megin við ána. Syðst í túninu er hóll og á honum stóð kofi. Hét þar Gerði (53). Sunnan þess og norðan Miðdegismelanna (54) er dálítið gildrag , sem liggur upp í Kárstekkskeldu(55) og heitir Gerðisgil (56). Við gilmynnið voru hálfddeigjur sem sjaldan voru slegnar og þær heita Lambhagi. (57) (örn.skrá H.P.)

Lítill hólmi í Bæjarlæknunum , beint suður af Valadalsbæ, heitir Myllutún. (58) (J.G.) Lækurinn fer nú (1998) aðra leið en áður , en farvegurinn sést niður gegnum túnið. Lækurinn fer nú eftir skurði suður austast í Gerðistúnið og rétt austan við Lambhaga og síðan í ána. Lambhagi er nú að mestu leiti tún. En meðan fært var frá voru lömbin heft og pössuð í Lambhaga.

Gerði (59) heitir vestan við ána. Þar var túnstæði og gamalt húsabrot. Steinsteyp voþeystóft stendur þar enn 1998. Um 1930 voru þar nýlega byggð fjárhús og allmikið tún. Gerðið er sunnan við Valadalsbrú,(60) en fjárhúsin, sem enn eru í notkun 1998, eru norðan við brúna við Stekkjareyri. Fjárhús var á vestara Gerðinu, en hesthús á Gerðinu sunnan við bæinn . EKKI telja menn líklegt að búið hafi verið á þessum gerðum. Valadalsbrú var byggð árið 1962. Hún er 12,9 m. löng.(timbur, járn og steinsteypa).

Stekkjareyri (61) er rétt við ána. Þar var Stekkur (62) sem enn var notaður 1930. Norðan við eyrina eru tveir hólar, kallaðir Presthólar.(63) (örn.skrá M.J.) Presthólar eru tveir grjóthólar vestan vegarins, skammt norðan Valadals.(G.J. og H.J.) Stekkjareyri, sem nú er tún, er í bugðu sem áin myndar rétt norðan Valadalstúns. (G.J. og H.J.)

Þar sem brúin er yfir Valadalsána, milli túna í Valadal, er túnblettur austan ár sem kallaður var Bakki (63a) Sunnan við vestara Gerðið var votlent stykki sem hafði einhvert nafn. (Sjá hér síðar kaflann, Hlaðvarpi ofl.)

Nöfn, suður frá Vatnshlíðarvatni.

Á norðvesturmerkjum Valadals er Arnarvatnslækur (64) og Vatnshlíðarvatn.(65) Vatnið er í 230 m. hæð y.s. Suðvestur af Vatnshlíðarvatni kallast Partur (66) og er hann austan við lækinn. Þar var engi allgott, kallað Valadalspartur (67) . Sunnan og austan við Partinn er Löngubrekka(68) eða Langabrekka (69). Þar lá gamli Póstvegurinn (70). Langabrekka er sunnan gamla vegar og vestan Beitarhúsa (71), og nær vestur undir Arnarvatnsás. Klauf, (72) er þar á milli . Drög(73) nefnist holtótt myrlendi austan við Löngubrekku., en norðvestan í Tungunni. Í Drögum er svonefndur Jóhannshóll.(74) Þar varð einhverntíma úti maður sem Jóhann hétt. Um 1930 voru beitarhús frá Valadal á hólnum, og byggði þau fyrst Friðrik Stefánsson (d. 1925), faðir Stefáns, sem er heimildarmaður að örн.skrá M.J. Tófu-greni var rétt hjá elsta veginum, í eða við Löngubrekku. Og vitað er til að tófa hefur lagt í holur í Klauf (sjá hér að ofan) og hún slapp út með hópinn sinn.

Langabrekka liggur austur vestur. Póstvegurinn var uppi á brekkunni og líklega neðan við Beitarhúsin. Næsti vegur í tímaröðinni, gamli bílvegurinn , er neðan við Löngubrekku.

Þegar verið var að gera Póstveginn var Sölví Helgason þarna í vegavinnu. Og segir sagan, að Sölví hafi verið verkstjóri við vegagerðina, en þeim sem með honum unnu hafi þótt hann vera svo latur að þeir fóru . En þegar Sölví var orðinn einn eftir, gerðist hann svo duglegur að eftir var tekið.

Annáll úr Skagafirði 1941 - 1944 greinir frá því, að 1941 var verið að leggja nýjan veg eftir Vatnsskarðinu. Þar segir: -- Nýja brautin er komin langt austur á Vatnsskarðið, og með hjálp hennar hefur verið haldið uppi ferðum í hverri einstu viku í allan vetur frá Reykjavík til Sauðárkróks. --- Pessi nýja braut mun hafa verið norðan við Vatnshlíðarvatnið, en vegurinn sunnan við vatnið hefur líklega verið notaður til þessa tíma, 1941.

Gamalt hesthús stóð á Jóhannshól, þegar Friðrik Stefánsson fluttist að Valadal vorið 1900. Hann breytti því í fjárhús 1902. (G.Jós.) Oft var heyjað í Drögum , en aldrei ræktað þar neitt

Sagt er að þegar Friðrik byrjaði að hafa beitarhúsafé á Jóhannshól, hafi hann náttáð féð í rétt sem þar var (líklega við hesthúsið). Þetta gafst ekki nágu vel og þá byggði hann Beitarhúsin (fjárhús). Vel sést hvar húsin voru og raflínan liggur þar yfir.

Pálshóll (75) er smáhóll vestan Beitarhúsa. Munnmæli herma að undir honum hafi orðið úti maður, Páll að nafni. Skaðalaut(76) heitir hrинглага bolli auðvestan beitarhúsanna. Í henni fenntu sjö ær, sem Kári Jónsson og Hjalti Jónsson áttu, aðfaranótt 24. sept. 1943, fjárskaðahríðinni miklu.. Þær fundust sjö vikum síðar og var þá ein lifandi, geld ær og hún var fótbrotin. Í henni voru sjö pund af mör.

Partur(77) við vestari enda Vatnshlíðarvatns, meðfram Arnarvatnslæk. Þar voru slægjur og eins í Drögum , meðan fé var haft í Beitarhúsunum, en þau voru aflögð þegar Kári Jónsson hætti búskap í Valadal. (örn.skrá G.J. og H.J.)

Kári Jónsson mun hafa notað Beitarhúsin fram til 1954. Hann mun hafa keypt Valagerði eftir að - eða þegar Sölví fór þaðan 1954. Heyjað var í Partinum a.m.k. fram um 1954 og jafnvel var hey flutt þaðan á reiðingshestum heim í Valadal. (Heimildarm. Jón G.)

Skrásetjari kannaði gamla veginn og fleira í apríl 1998. Vegurinn, sem nú er reiðvegur, er í góðu standi og lítið eða ekkert skemmdur, en sett hafa verið í hann nokkur nýtisku ræsi, frekar grannir stálhólkar. Þó hefur ekkert ræsi verið sett í Arnarvatnslæk(77a). Þegar komið er vestur að Arnarvatnslæk, er komið drjúgan spöl vestur fyrir enda Vatnshlíðarvatns, en lækurinn sveigir til austurs og í endann á vatninu. Í sveignum austan og sunnan við lækinn er engjalandið, Parturinn. Langabrekka er norðan í háum og grýttum melhrygg, sem er suður undan Partinum og nær vestur að Arnarvatnslæk. Sunnan við þann hrygg er endinn á Arnarvatnsás og á milli er grasdrag - líklega Klauf. Eftir Löngubrekku-hryggnum er gamall bílvegur, og það mun hafa verið Póstvegurinn. Fyrirrennari bílveganna. Póstvegurinn er sagður hafa verið eftir háhryggnum . Austan við Löngubrekku - austan og suðaustan við austurendann á hrygnum er allstór dokk og í henni eru leyfar Beitarhúsanna,(77b) í talsverði hæð frá vesturenda Vatnshlíðarvatns. Og sunnan við báða gömlu vegina.

Jóhannshóll er lágur hóll eða bali, með túnbletti og leyfum af túngarði úr grjóti norðan við og norðaustan. Húsaleyfar eru úr mikli grjóti , veggir sumstaðar í hálfrí hæð ,húsaleyfar ca. 7 x 20 metrar , garðahús með heytófti við enda. Stálgrindarturn Byggðalínunnar syðst á flötinni og hefur líklega orðið einhvært rask þegar hann var reistur. Norðan við balann er grjótmelur lítill. Haglendi er í kring í nokkuð víðlendum slakka. Á norðanverði Tungunni (77c) eru víðast ling- og hrísmóar.

Arnarvatnsklauf (78) kallast norður frá Arnarvatni (79) og eftir henni rennur Arnarvatnslækurinn úr vatninu .Í læknum hefur verið mikil af fremur smáum en vel feitum silungi og hefur honum stundum verið ausið upp með háf og þykir góður til matar.(Frægur veiðilækur. G.Jós.).

Arnarvatn, er nokkuð stórt vatn , suður af Vatnsskarðinu vestarlega og stutt sunnan við háspennulínuna sem nefnd er Byggðalínan.(80) Austan við vatnið eru ásar, en sunnan við og að hluta vestan við eru myrrar. Vestar eru svo hærri ásar. Einhver silungur er í vatninu og fuglar halda sig þar við.

Sagt er að bóndi í Valadal, Friðrik Stefánsson , hafi látið dýpkva lækjarfарveginn norður úr Arnarvatninu , í því skini að auka við beitilandið. Hafi þá vatnsborð Arnarvatns lækkað nokkuð. Nú nýlega (1999) var svo hækkuð aftur brúnin þar, sem lækurinn rennur úr vatninu, og hefur vatnið því stækkað nokkuð aftur.

Arnarvatnsás (81) er lágur hrísi vaxinn ás austan við Arnarvatnið og Arnarvatnslækinn. Tjarnarpollar (82) heita austan við ásinn. Þeir eru tveir , báðir litlir. Austan við þá og nær Valadalsá er myrrarsund, kallað Slakkar. (83) Þar eru landamerki milli Valadals og Valabjarga.

Stóri- Ketill (84) og Litli- Ketill (85) eru austan í Arnarvatnsás. Það eru tvær grunnar, en misstórar grasskálar og milli þeirra kallast Ketildrag (86) eða Katladrag. (87) Það er lítil graslagð.

Ketill (88) er hola í bollanum , sem er austan í Arnarvatnsás ,(segir í aths.frá Jóni Guðlaugssyni, f. 3. 4.1926 í Vatnshlíð.) (Pessir Katla-staðir munu flestir eða allir vera Valabjargamegin við merkin.)

Norður af Slökkum er Hlátursbrekka. (89) Hún er skammt frá ánni. Engin sögn er til um nafnið , en norðan við brekkuna er stórgrytisurð, og hún bergmálar einkennilega vel köll og hljóð í furðumikilli fjarlægð. T.d. þegar kallað er heima í Valadal, tekur undir í urðinni. (Örn.skrá M.J.).

Ofan við urðina , sem er norðan við Hlátursbrekku, eru Miðaftansmóar,(90) og upp af brekkunni er Miðaftanslaut(91).

Í stórgrytisurðinni norðan við Hlátursbrekku er gren, sem nokkrum sinnum var legið í, meðan Guðmundur Jósafatsson þekkti til. Hann kannast ekki við að í henni bergmáli einkennilega vel.

Gríshólar (92)eru rétt utan og neðan við stórgrytisurðina.

Beinalág (93) er mýralægð með valllendisbollum hér og þar. Hún nær norðan frá Tunguflá í Valagerðislandi og suður að svonefndu Gerði , sem er vestan við ána gegnt Valadalsbæ og túni. Sögn er um að í Beinalág hafi farist maður af skoti, fyrir allmögum árum. Hann var frá Selhaga en var þá í Valagerði , og var við rjúpnadráp. Hann hét Bjarni og var Sigurðsson. Eftir þetta gengu reimleikasögur um Lágina, (94) sem sumir kalla Beinalaut. (95) Í Sóknalýsingum Viðmýrarsóknar, frá um 1840 er talið eyðikotið Gerði - “ (96) forn , gegnt Valadalsbæ í tungunni.”

Beinalág liggur frá norðaustri til suðvesturs, austan í Tungunni. Norður úr henni liggja þrjár Þverlágar. (Örn.skrá G.J. og H.J.) Beinalág nær norðan frá landamerkjum og suður undir Presthóla Syðst í henni er stærsta lautin og þar var dálítið engjastykki, sem hét Beinalágarbotn .(97)

Þverlágar (98) eru norðanvert við Gerði og liggja vestan við Beinalág. Þar eru graslægðir. Þær liggja þvert vestur yfir Tunguna, hér um bil undan Presthólsflesjum.

Norðan við Stekkjareyri eru Presthólar,(99) tveir smáhólar og lá vegurinn milli þeirra og Tungunnar. Segir sagan að prestur einn hafi orðið þar bráðkvaddur, en ekki veit ég hver hann hefur verið. (H.P.)

Norðan við Presthóla eru Presthólflesjur(100), móaflesjur við ána. Norðan þeirra er Grænabrekka (101), og liggur vegurinn nú á dögum út hana. Hún er vel gróin , en það sem gaf henni nafn var eyðilagt að nokkru leiti með vegarlagningunni. Norðast á brekkunni eru Miðdegissteinar (102), stórir steinar þar í brúninni og eru eyktamörk frá Valagerði . (H.P.)

Stallur (103) er austan í Tungunni , suðvestan við Gerðið. Gríshólar (104) eru rétt sunnan við Stallinn. Þar suður og niður af er Urðin.(105) Og rétt sunnan við hana er Hlátursbrekka. Miðdegismóar eru norðvestan við Urðina og þar norðvestar eru Drög. (106) og ná þau alla leið frá beitarhúsunum og fram í Slakkaflá. Framarlega í þeim eru Tjarnarpollar.(107) (G.J. og H.J.)

Valadalstunga (108) eða Tunga (109) er sameiginlegt nafn á svæðinu norðan frá Mylnulæk og fram að Slökkum. Tungan afmarkast af Valadalsá og Stokk (110) að austan , Slakkaflá (111) að sunnan, Arnarvatni og Arnarvatnslæk að vestan og Vatnshlíðarvatni og Myllulæk að norðan. (í Vatnsskarðslýsingu er Myllulækur nefndur Merkjalækur. (112)) Tungan liggur frá norðaustri til suðvesturs. Smáskiki af henni er í Valagerðislandi.

Sunnan við Hlátursbrekku liggur gróið valllendisdrag þvert vestur í gegnum Tunguna og heitir Siggulág.(113) “ Hvorki kann ég skýringu á því örnefni né heldur Hlátursbrekku. (G.Jós.).

Vestan árinnar inni í dalbotnинum eru eyrar eða sléttir bakkar. Vestan þeirra er Keldan.(114) (H.P.)

Grænabrekka (115) er heldur norðar en miðja vegu milli Valadals og Valagerðis, út með Valadalsá að vestan. (Örn.skrá G.J. og H.J.) Hún er öll í landi Valadals og liggur í höfuðstefnu þvert á landamerkjálínuna milli Valadals og Valagerðis. Meginhluti hennar blasir við frá Valadal. (G.Jós.)

Nokkurn spöl sunnan við Valadalstún koma saman tvær ár. Sú austari kemur úr Kvarningsdal og hún heldur Valadalsárnafninu langt frameftir. Vestari áin kemur úr öðru dalverpi, sem er í landi Valabjarga og Bergsstaða. Hún heitir Klittnalækur eða Klyftalækur. Umhverfis ármótin er stórt flatlent svæði, að mestu grasi gróið land. Það nær norður að Valadalstúni eða lengra.

Nöfn austan Valadalsár og suður ofan við tún.

Grásteinn (116) er gryðarlega stór steinn rétt sunnan við landamerkin milli Valadals og Valagerðis. Hann er ofarlega í brekkunum, rúmlega mannhæðarhár upp úr jörð. Suður af honum er Vörðuhóll (117) eða Silungavörðuhóll,(118) því að á honum er lítið vörðubrot, sem kallast Silungavarða. (119) Og norðan við hólinn er Silungavörðulækur.(120) Smásilungur getur hafa gengið í lækinn, en ekki man heimildarmaður eftir að hafa séð hann þar og enga sögn um nafnið hefur hann heyrt. G.Jósafatsson segir: Silungavörðusund (121)

en ekki Silungavörðulækur. Þangað getur aldrei komist silungur, enda þornar það að fullu í þurrkum. Sundið, sem er breitt og blautt, gengur upp undir fjallið, og niður úr því fer lækur.

Brekkur(122) eru meðfram ánni milli Valadals og Valagerðis. Þar upp af eru Grásteinn og Silungavarða. (G.J. og H.J.)

Kúalaut (123) er graslaut austan við túnið í Valadal. Hún er efst í brekkunni eða rétt ofan við brekkubrúnina upp undan fjárhúsunum í Valadal. (J.G.). Neðan við lautina var brunnur og úr honum var lögð vatsleiðsla heim í bæinn. Það var talið ágætt vatn.

Og sunnan við túnið er Kársstekksmýri (124) eða Kársstekkskelda,(125) Kárssstekkur (126) er við ána, sunnan við mýrina. Þar voru allmikil veggjabrot (1930) og virðist sem þar hafi verið byggt býli einhvern tíma. Eru sögð þau munnmæli, að bærinn í Valadal hafi fyrst verið þarna, en síðan færður þangað sem hann er nú (1930), en löngu seinna hafi verið byggður stekkur upp úr rústunum. Húsarústir þessar eru í allstórum hvammi við ána og leyfar af fornum túngarði (?) sjást í hvamminum að norðan og sunnan meðfram ánni. Hvammurinn heitir Kársstekkshvammur.(127) G.Jósafatsson segir, að þegar hann var í Valadal hafi allt-af verið notuð nöfnin Kársstekkur osfrv. en ekki Kálfs-. Gissur og Hjalti hafa einnig Kárs-nafnið.

Lágund (128) er austan við Kálfsstekkjarkeldu.(sjá síðar)

Austan við Valadalinn er Valadalshnjúkur,(129) og sunnan við hann Hellufell (130) og er það hátt fjall með klettum efst á kolli. (Örn.skrá M.J.) Klettabelti sjást norðan í hnjknum nær efst. Þau heita Skessukjaftar,(131) Norðvestan í Valadalshnjúk eru skálar, sem kallast Katlar.(132) Suðvestan við Hellufell er Móðólfssfell (133) eða Móðarsfell (134), og er það suðaustur frá Valadalsbæ. Lágur rani, sem gengur norður af Móðarsfelli heitir Fellsrani. (134a) Suðvestan í Móðarsfelli er Nautaskál,(135) Það er grunn og lítil hvilft, en grasi vaxin í botninn. Í Móðarsfelli er enginn hellir . Þjóðsagan um tröllkarlinn eða hálfröllið Móðar, segir helli hafa verið í Fellinu, Móðarshelli,(136) en hann er þá löngu horfinn. Þess er getið til að hrunið hafi úr fjallinu fyrir munnann. Katlagreni, (136a) er tófugreni í Kötлunum vestan á Valadalshnjúk.

Í suðausturhorninu á Móðarsfelli var Smalabyrgi,(137) forkunnarvel hlaðið, líklega ævafornt og þar hefur einhver illa unnið að, ef það er haggað. (G.Jós.)

Milli Móðarsfells og Hellufells er Húsadalur,(138) Húsadalur afmarkast af Valadalshnjúk að norðan, Hellufelli að austan og Móðólfsselli - vanalega kallað Fellið - (139) að vestan. Nyrzt á honum , sunnan í Hnjúknum,(140) eru Katlar. (G.J. og H.J.) Botninn í Húsadal er gróinn vallendisgróðri. Langt fram á Húsadal er vörðubrot á smáhól í dalbotninum. Syðsti hluti dalsins er lækjarlaus og gróðurlítill . Tófugreni er syðst á Húsadal. Húsadalsgreni (140a)

Fremst á Húsadal að austan eru Skurðir(141). Skurðirnir eru vatnsrásir í austurhlíðinni og rétt sunnan við þá var Skurðagreni. (142) Og Smjörmóar (143) eru þar sem dalirnir mætast; Húsadalur, Hádegisdalur(144) og Þróngidalur,(145) en hann liggur austan við Viðirfelli og nær fram í Skarðsflóa , sem er vestan við Hrómundarskarð. (G.J. og H.J:) Hjá Smjörmóum var setið yfir kvíaám og þar er gjótþyrgi sem smalinn hefur notað .

Sunnan Lágsunds er Hádegislækur,(146) Hann kemur af Hádegisdal, sem afmarkast af Móðarsfelli að norðan og Viðirfelli og Hádegishnjúk að sunnan (vestan ?) . Hann rennur eftir Hádegisgili (147) til vesturs í Valadalsá. (G.J. og H.J.) Sunnan við Hádegisgil er mýrardrag sem heitir Griðkonulág,(148) (H.P.)

Framan við Hádegisgil er Kvarningsdalur,(149) (þannig ætíð í framburði. Þó held ég, að í “þjóðsögu” hafði eftir Bólu- Hjálmar sé hann nefndur Hverningsdalur(150) og Kvarningsdalsbrekkur(151).(G.J. og H.J.) Kvarningsdalur nær fram að Leifsstaðafelli og eftir honum rennur Valadalsá. Hún er afrennsli úr Leifsstaðaflám og af Hrossadal og eins úr Hvammstjörn og Skarðsflóa eftir Faxagili, en þau örnefni eru í Húnvatnssýslu. (G.J. og H.J. og einnig heimildarm.)

Frá Hádegisgilinu liggur Dalverpi nokkurt frameftir og ber hið einkennilega nafn Kvarnings (eða Kvarniggs-) dalur (152). Valadalur á fram í Selhorn (153), sem er

klapparhorn á dalnum nokkuð framarlega, og þar eru sunnanundir horninu gamlar seltóftir frá Bergsstöðum. (H.P.)

Selgil (154) er utar en á miðjum Kvarningsdal. Þar rétt norðar er Ljós kugeiri (155), en hann heitir eftir hryssu, sem hrapaði þar. Á syðri barmi Hádegisgils er Steinkusteinn. (156) Undir honum á að hafa orðið úti fjósakona frá Valadal og fundist þar með mjaltaskjólurnar (föturnar). (G.J. og H.J.)

Sunnan undir Hádegishnjúknum eru flatir meler sem heita Sandar (157) og þar austan við er Víðirfell, hnjkur lægri og bolmeiri en Hádegishnjúkur.--- Ofan í Pröngadal norðast kemur gil allmikið sem heitir Snjógil. (158) Snjór fór nær aldrei úr því fyrr en komið var langt fram á sumar og dæmi voru þess, t.d. 1907, að snjór héldist þar allt árið. Það er hæfilega djúpt og breitt til þess að fyllast. (H.P.)

Bæjargil (159) er áframhald af Húsadal til vesturs og nær niður undir bæjarstæðið. Sunnan við það efst er Fellið (Móðarsfell) og vestan í því er Dýjastallur (160) og sunnar Nautaskál, (161) nokkuð í sömu hæð. Á Dýjastalli er mikið af dýjum og blasa þau við heiman frá Valadal. Undir Fellinu er flatur bekkur og á brún hans að framan, hér um bil miðri, er varða sem hét Háavarða (162) en sundið á bak við hana hét Hærrasund. (163) Sunnan til er lægra og þar eru Lágsund, (164) norður frá Hádegisgili og vestan undir því eru Brekkur; og í þeim er Svartiskurður (165). Þar neðar er Kelda. (166) Þá koma Meler (Miðdegismeler), (167) og fremst í þeim er Kárstekkur (168) við foss í Valadalsá. Mannvirkjaleyfar þar eru 4x10 metrar, með skilrúmi. Hefur líklega verið stekkur þarna síðast. (Kársstekkur og Kálfsstekkur er eflaust hið sama. Nöfnin líklega sitt frá hvorum tíma.)

Kennd við Kársstekk eru Kársstekksfoss, (169) Kársstekkshammur, (170).

Kársstekkskelda (171) og Kársstekksmýri, (172) Nú, 1998, er kominn fyrir nokkrum skurður eftir Kársstekksmýri og keldu, sem eru í grunnu dalverpi austan við Miðdegismela. Eftir skurðinum fer lækur til norðurs.

Gegnum Miðdegismela, nokkuð sunnarlega liggur Miðdegissund, (173).

Í Melum er Breiðasund, (174) Þar vestur af eru Austureyrar, (175) og síðan Vestureyrar, (176) Áin rann á milli þeirra, en var veitt meðfram Melum að vestan og þar rennur hún nú (1981). (G.J. og H.J.)

Suðvestur af Móðarsfelli er Hádegishnjúkur, (177) hátt og toppmyndað fjall. Frá Valadal ber sól yfir hnjkinn á hádegi, enda var það haldið svo fyrrum. (Örn.skrá M.J.).

Á merkjum Valadals og Valabjarga er Kvarningsdalur, (178) Hann er grunnur og grasi vaxinn og hallar lítið eitt til suðausturs. (Örn.skrá M.J.) Dalnum hallar til norðurs, enda rennur áin eftir honum til norðurs eða norðvesturs. Merkjalínan fylgir ánni eftir dalnum.

Fyrir framan dalinn er Hvammstjörn, í austur frá Hvammi í Svartárdal (Hún.v.) Úr Hvammstjörn rennur lækur til norðurs og eru það syðstu upptök Valadalsár ásamt læk þeim, öllu meiri, sem fellur úr svonefndum Sandskörðum, en þau eru austanvert við Hrossadal fremst, og austan við Kvarningsdalinn.

Hádegisgil (179) liggur í austur frá Kvarningsdalsá (180) upp á Hádegisdal, (181) sem er milli Móðólfssells og Hádegishnjúks.

Viðifell (182) (Pannig ritað í örн.skrá M.J., en nú kallað Viðirfell (183) og þannig ritað í Landamerkjábréfinu frá 1890.) er og heitir fremur lágt fell austan við Kvarningsdal. Austan við Viðifell er Pröngidalur (184), og er aðeins hluti af honum í Valadalslandi. Norður af Pröngadal eru svonefndir Skurðir, (185) Eru þar smálækir með dökkum leirbökkum sumstaðar.

Á Kvarningsdal eru þessi örnefni: Selgil (186), á merkjum milli Valadals og Bergsstaða í Svartárdal. Norðan við gilið kallast Selhlíð, (187) Við? Selgil er grasi vaxinn hóll og á honum eru húsarústir allgreinilegar, hvort þar hefur verið sel eða ekki. Tófugreni er við Selgil, ofarlega í brekku, nefnt Selgilsgreni (187a).

Í vitnisburðarbréfi um landamerki Valadals, ársett 1402, heitir dalur þessi Kvarningsdalur, (188) Í bréfi þessu eru merkilegar upplýsingar um þennan stað, sem húsarústirnar eru á. Þar votta tveir menn, að "Valadalur ætti Kvarningsdal og selförina með, er þar stendur. " Ennfremur bera þeir það, að "Ormur prestur Magnússon hefði leigt selför í áðurgreindan

Kvaringsdal að Valadalsmönnum.” Ormur þessi var prestur á Bergsstöðum um 1399 “tvö ár eða lengur”, sbr. Prestatal og prófasta bls.153. Svo er að sjá að um 1400 hefur Valadalur átt lengra til suðurs en nú er. Hefur átt hluta af númerandi Bergsstaðalandi. Stóristeinn (189) er líklega nýlegt nafn á stærsta og mest áberandi steinum í Urðinni hjá Hlátursbrekku. Urðin er “frægt skýli fyrir grenlægju” segir í skrá H.P.

Hlaðvarpi ofl.

Bæjarhlaðið (190) var framan við bæinn , og svo Hlaðvarpinn (191) framan við hlaðið. Hallaði Varpanum nokkuð og í honum var Hestasteinn (192) og hann er þar enþá. Á honum var auga, til að festa taumana í, en það brotnaði af fyrir alllöngu. Gömul votheysgryfja er norðan við bæinn, hlaðin úr torfi. Hún sést enþá.

Gegnt bænum, vestan við ána er Stóramýri (193) og blautasti hluti hennar var kallaður Fífumýri (194). Líklegt er að þessi myranöfn séu tiltölulega nýleg.

Norðurendi Húsadals, milli Móðarsfells og Valadalshnjúks, er nefndur Húsadalskjáftur (195). J.G. segir, að í tíð Gissurar í Valadal hafi fellið ávalt verið nefnt Móðólfssfell (196).

Ýmislegt um jörðina Valadal.

Dalurinn hefur heitið Valadalur (197) frá öndverðu og heitir það enn, norðan frá Sæmundará og fram fyrir Valabjörg, sem a.m.k. á síðari tímum var fremsti (fremri) bærinn í dalnum. Eftir dalnum rennur Valadalsá út í Vatnsskarðið, en eftir það kallast án Sæmundará, sem reyndar hefur verið kölluð fyrr á öldum Vatnsskarðsá og er kölluð svo stundum enn. (1930).

Arnarvatn (198) sést af þjóðveginum, Norðurlandavegi, af hryggnum, Víðivörðuásnum, vestan við Vatnsskarðið, rétt í þann mund að fer að halla til Skagafjarðar og ofan í Vatnsskarðið. Vatnið er þá í suðaustur átt og ekki langt frá. Arnarvatnslækjar mun vera getið í landamerkjabréfi frá 1309 og vatnið hefur verið búið að fá þetta nafn fyrir aldamótin 1300. Arnarvatnslækur hefur verið þekkt örnefni , sem landamerki eru miðuð við, 70 árum fyrr , eða um 1240.

Sunnan við Arnarvatn er votlendi sem kallast Arnarvatnsflói (199) Klofasteinn, sem er vestur eða norðvestur af Klittum, stendur vörð um landamerkin og Sýslumörkin.

Í örnefnalýsingu eftir Jóhannes Guðmundsson í Hólabæ (Lbs. nr. 1824 4to) er þess getið til, að Móðarsfell (200) sé kennt við Arnmóð, son Þorkels vingnis (eða vignis), og er ekkert sem mælir móti því, og faðir hans nam einmitt land á þessum slóðum. Mætti þá geta þess til, að Arnmóður enn skjálgi hafi byggt í Valadal fyrstur manna. Er bærinn mjög snemma reistur og mun hafa þótt þar vera mjög góðir landkostir til búskapar í formum stíl (Sbr. Landnáma bls. 1046-9.) Jóhannes giskar einnig á, að Arnarvatn dragi nafn af Arnmóði, en það er ekki trúlegt. (Örn.skrá M.J.).

Sagt hefur verið að þau álög hvíli á Valadal , að þar megi enginn bóndi búa óhappalaust í meira en 20 ár . Mesti krafturinn mun þó vera úr þessari “hótun”, því að búið hafa bændur þar yfir 20 ár samfleystt, án þess að tjón leiddi af þegar að þeim liðnum. (Örn.skrá M.J.)

Landamerki milli Valadals og Valabjarga eru eins og girðing liggur úr Arnarvatni um Slakkaflá í Stokk,(201) þar þvert yfir Eyrar (202), og úr því ræður Valadalsá merkjum. (G.J. og H.J.)

Land að Arnarvatni eiga fjórar jarðir: Valadalur að austan, Valabjörg að sunnan, Brattahlíð að vestan og Fjós (í Svartárdal) að norðan, vestan lækjar. Gömul munnmæli kveða svo á, að Valadalsbóndi megi ekki veiða í vatninu, þá verði hann fyrir eignamissi. Fylgir þeim álögum sú sögn , að í fyrndinni hafi tveim kerlingum frá Eiríksstaðakoti (= Brattahlíð nú) og Valadal sinnast út af veiðinni og í reiði sinni hafi Kotskerlingin lagt þetta á. En engar sagnir hefur heimildarmaður um það hverju hin hafi hotað í staðinn.

Það eru engin þinglesin landamerki milli Valadals og Valagerðis, (G.J. og H.J.) þó var girt á milli bæjanna eftir samkomulagi eigenda. Lá sú girðing úr Valadalshnjúk rétt norðan við

Katla og beina línu í Grænubrekku og þaðan lína í austurenda Vatnshlíðarvatns. Sú girðing var tekin upp eftir að Jón Árnason kom að Valadal.(G.J. og H.J.) Enþá (1998) sjást þó leyfar af undirkleðslu þar sem girðingin var. G.Jósafatsson segir: **Þegar ég átti heima í Valadal, upp úr aldamótunum (1900) voru landamerki jarðarinnar austan ár í miðja Klettlaut,(203) svolitla kvos girta stuðlabergi, einnar til tveggja mannhæða háu, og beina stefnu í syðsta hornið á Skessukjöftunum, sem er klettabelti norðvestan í Valadalshnjúk.** Gríðarstór steinn er þarna á dalbrúninni og heitir Grásteinn.

Að vestanverðu eiga lönd á móti Valadal, Vatnshlíð, Fjós og Brattahlíð, allar í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Landamærlinan er rétt sunnan við Klettlaut, samkv. öðrum heimildum.

Þess er getið,- en gæti verið ágiskun ein, að einhver prestur á Bergsstöðum hafi náð spildu af landi Valadals, milli Faxagils og Selgils, undir Bergsstaði. Selgil er suðvestan við Hádegishnjúk og á móti Ytri- Stórhól. Landamörkin eru um Selgil , en voru áður um Faxagil.

Úr fórum Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara.

Jóhannes Guðmundsson á Gunnsteinsstöðum hefur skrifað 1860. Kvarningsdalur hét fyrrum Vínberjadalur,(204) og hygg ég að hann hafi svo nefndur verið af gnægð berja þar, eður að vaxið hafi í honum aðalbláber. Hann liggur fast vestan við hæsta fjallgarðinn framan Vatnsskarðs, og af ókunnugleika Hjálmars (Bólu- Hjálmars) þar hefur hann sagt hann byggðan, því þar er nú engin byggð og hefur víst ekki verið síðan í Svartadauða, eða fyrr, en hann liggur út úr Valadalsdal,(205) á hverjum að eru 2 bæir. Á Kvarningsdal hafa til forna verið 4 bæir, yzt Kárafitjar,(206) nú kallað Kárastekkur. Þar næst Álfgeirsvellir (207) og þar fyrir framan tveir bæir og er mjög óljóst að sjá merki þeirra, en báðir munu þeir hafa verið í Bergsstaðalandi, sem nú er.” (Úr fórum Jóns Árnasonar, I. bindi, útg. 1950.)

Nafnið Púfnavellir (208) á Kvarningsdal er einnig þekkt.. Í bókinni: Þjóðsögur Jóns Árnasonar, Tröllasögur, e. Jón Árnason þjóðsagnasafnara, er þáttur um Móðar í Móðarsfelli, bls. 103-107.

Sagt er að huldufólk búi í Grásteini.(209) Og Kári Jónsson taldi sig hafa séð þar ljós, eitt sinn er hann var þar á ferð í hríðarveðri.

Kominn er Reiðvegur (210) sunnan við Vatnshlíðarvatn og liggur hann eftir gamla bílveginum . Hrossarátt (úr timbri) er komin austast við þann reiðveg , - rétt við reiðveginn og stutt frá þjóðveginum, sett upp 1996. Mun Reiðvegasjóður hafa lagt fjármagn í þessar framkvæmdir.

Í lýsingu Glaumbæjar- og Viðimýrarprestakalls e. Gísla Konráðsson , er Kvarningsdalur nefndur Kverningsdalur (211). Hann liggur “ allt sunnan gegnt Hrómundarskarði og norður með Hádegishnjúk allt ofan á milli Valadalsbæjar og Valabjarga:” Þar segir einnig að Húsadalur nái niður undir Valadalsbæ.

Í bókinni Forystufé , eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp, eru m.a. frásagnir frá Valadal (bls. 30). Einnig skal bent á bókina “Með fortíðina í farteskinu” e. Elínu Pálmadóttur, bls. 166.

Ljóðað á lítinn foss.

Svo er sagt, að eitt sinn hafi komið að Valadal Magnús Kr. Gíslason bóndi á Vöglum. Hafi þá bræður tveir fylgt honum að fossi einum og gerði þá Magnús vísu um fossinn. Vísan er í bók Magnúsar “ Ég kem norðan Kjöl”, bls. 38 , undir yfirskriftinni; **Foss á Kvarningsdal.** Heimildarmaður segir að vísan sé um svonefndan Hádegisfoss (212) í Hádegisgili, sem er þvergil úr Kvarningsdal til austurs.

**Beizla mátt þinn mun ei neinn,
meitlaður hátt í steinum.
Þú kveður dátt í dalnum einn,
dag og nátt í leynum.**

Vitnisburður um landamerki .

Íslenzkt fornbréfasafn geymir vitnisburð tveggja manna um landamerki Valadals í Skagafirði, dags. í Sólheimum 6. maí 1402. Bréfið er á þessa leið:

Það gjörum við Bjarni Jónsson og Skeggi Jónsson góðum mönnum viturlegt með þessu okkar bréfi, að við meðkennumst það, að við heyrðum okkur eldri menn sverja, að Valadalur ætti Kvarningsdal og selförina með, er þar stendur, og svo og ei síður heyrðum við, að Ormur prestur Magnússon hefði leigt selför í áðurgreindan Kvarningsdal að Valadalsmönnum þeim sömu, sem honum byggði þar þá samtíða, og lukti leigur eftir þá hann hafði. Svo og meðkennumst við, að við heyrðum, að Valadal var eignað fram yfir Klustir,(213) og Þorleifur Árnason, sem guð hans sál hafi, eignaði sér og leyfði þangað hrísrif bændum úr Svartárdal of vestur á fjall til móts við þá, sem vestan eiga að, mýrina fyrir neðan Eiríksstaðasel og réttssýni út í mitt Arnarvatn og svo þaðan að læk þeim, er fellur úr Arnarvatni og í Vatnshlíðarvatn, og að læk þeim, er fellur úr Hlíðarvatni (214) og út gegnt Vatnsskarði. Og úr útidyrunum á Vatnsskarði og þvert yfir í fjallsöxlina. ---- (Íslenzkt fornbréfasafn) III, 674).

20. mars, 1998. R.I.

Í lýsingu Skagafjarðarsýslu, í Lbs. 1625 4to, eftir F.J.Stefánsson í Vallholti, skr. ca. 1875, segir um sýslumerkin að vestan : --- í Arnarvatn og síðan beint í suður úr því í Stórvörðu - (215). Klofastein -(216) þar sem Valadals, Eiríksstaða og Bergsstaðalönd koma saman. Þaðan í austur í Selgil(217) á Kvarningsdal, sem er rétt fyrir sunnan Valadalssel (218). Svo í hátt austur í Rauðuskriðu,(219) sem er vestan í Moshlíðarhnjúk. (220) Þá suður eftir háhnjúknum, þaðan yfir þvert Hrómundarskarð vestanvert - á Hrómundarleiði. ----

(Höfundur þeirrar sýslumerkjalyssingu, sem kaflinn hér að ofan er úr, Friðrik Stefánsson 1840 - 1917, bjó í Ytra - Vallholti (fyrr) og Húsey í Vallhlómi árin 1862 - 1885 og flutti svo að Skálá í Sléttuhlíð. Hann var hreppstjóri Seyluhrepps 1870 - 1881 og alþm. Skagfirðinga 1878 - 1892.)

Ath. Hér eru talin með öll nöfn sem eru á landamerkjum Valadals, svo og þau sem fram koma á landam.bréfi. Af þeim nöfnum, sem hér eru talin eru þessi í landi Valabjarga:Klittur, Klofasteinn,Dýhóll, Holnamýri, ofl.

Mynd af Valadalsbænum .

Í Víðimýrarseli er uppstækkuð mynd af Valadal, tekin um eða rétt fyrir 1968. Þar sjást; efst fjárhúsin, þá fjósið, síðan bærinn, þá hesthúsið suður frá og fremst á myndinni brúin yfir Valadalsána. Valadalur hefur verið í eyði síðan 1972.

Eins og fram hefur komið hér að framan var þjóðvegurinn um Vatnsskarð sunnan við Vatnshlíðarvatnið , þegar bílaöld hélt sína innreið snemma á 20. öldinni. Vinna við vegabætur um Vatnsskarð hóft alllöngu fyrr, eins og fram kemur í eftirfarandi kafla úr Sýslunefndar-sögu .

“Svo átti að heita, að vegabótum á Vatnsskarði og Öxnadalsheiði lyki að mestu árið 1882. Raunar reyndist vegagerð þessi lítil búningsbót, nema fram færð árlegar endurbætur. Árið 1887 féllu skriður á vegin, “ tók þá mikið af hinum nýja póstvegi yfir Öxnadalsheiði “. Vegurinn yfir Vatnsskarð varð fyrir stórskemmdum meðfram Vatnshlíðarvatni, lá í halla og vorleysingar unnu skjótt á honum. Þar þurfti því að grafa skurði, komu þeir þó ekki að fullum notum, og var vegurinn færður.“
(Sýslunefndarsaga I., bls. 25.)

26 jan., og 6. marz 2000. R.I.

Viðaukar árið 2013- 2015:

Frá Byggðasögu Skagafjarðar.

Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi kom út árið 2001. Um Valadal segir þar meðal annars:

Valadalur ($65^{\circ} 29' 996 / 19^{\circ} 36' 784$) er eyðibýli fram af Vatnsskarði. ----

Bærinn var í 290 m. hæð, 36,5 km. frá Sauðárkróki. Hlunnindi eru engin talin.

Rafmagn kom aldrei, en sími kom 1954 og vegasamband litlu fyrr. ----

Jörðin lagðist í eyði árið 1972. Árið 2001 standa þar engar byggingar nema bárujárns-skemma á steyptum grunni, reist 1965 sem fjárhús yfir 160 kindur, en innsti hluti hennar er hólfaður af sem heygeymsla. Fjárhúsin eru enn notuð af Valagerðisbóna, sem lætur þar liggja við opíð á vetrum. ----

Út og niður (frá) Presthólum er breitt mólendisnes og heitir Presthólflesjur. Þar eru tóftir sem sýnast helst vera af kvíum ($65^{\circ} 30' 352 / 19^{\circ} 36' 346$). Þær snúa austur og vestur, endi þeirra nær alveg fram á árbakka og utan við þær er hlaðinn sveigur eins og aðhald til að reka inn. Á nesinu suðvestan við kvíarústina er eins og merki um þrjá garða sem ganga til norðvesturs þvert yfir nesið með stuttu millibili. Sá syðsti er gleggstur og mjög greinilegur og sunnan undir honum austast kunna að vera eldfornar húsatóftir ($65^{\circ} 30' 344 / 19^{\circ} 36' 384$). Um það verður samt ekki fullyrt.

Sumarið 2000 var hreinsað verulega á jörðinni. Gamlir girðingaráeflar voru teknir niður svo kílómetrum skipti og fjarlægðir og fjárhúsin efst á túninu brotin niður svo að aðeins standa nú eftir garðarnir til minja.

Smalavarða ($65^{\circ} 28' 951 / 19^{\circ} 36' 903$) er vestan Kvarningsdalsár móti Hádegislæk á allháum mel. Þar var dysjaður hundur sem Gissur Jónsson í Valadal átti og hét Smali. Hann komst í hræ sem dregið hafði verið út og eitrað fyrir tófu. Fann Gissur hann dauðan skammt frá og urðaði á melnum. Þetta hefur líklega verið nálægt 1940. Enn má sjá beinin inni í vörðunni.

Steinkusteinn ($65^{\circ} 28' 889 / 19^{\circ} 36' 635$) er suður og upp frá ármótum Hádegislækjar og Kvarningsdalsár í 425 m. hæð, nokkurn spöl sunnan við gilið uppi í brekkunni. Hann er um 1,5 metra hárr, ekki stór um sig, stendur á litlum melkollí og tröð í kringum hann. Norðan undir steininum virðast leifar af grjóthleðslu, kann að hafa verið grjótbyrgi. Steinninn á sér þá sögu, að hér varð úti Steinka frá Valadal. Hún var að fara í fjósið til mjalta í stórhrið að vetri til og fannst loks sunnan undir þessum steini með skjólirnar sínar.

Gamli bærinn ($65^{\circ} 29' 996 / 19^{\circ} 36' 784$). Ekki er vitað um nema eitt bæjarstæði í Valadal og bærinn sem síðast stóð þar var byggður af Friðrik Stefánssyni bónda um eða fyrir 1906. En norðan við hann var hlóðaeldhús úr torfi og grjóti frá eldri tíma og stóð svo lengi sem búið var í bænum. Í þessum bæ var þrennssonar efniviður: steinsteypa að sunnan og suðaustan, timbur að vestan og að hluta að austan, þak úr torfi, innveggir allir af timbri. Steinhlaðinn kjallari var undir húsinu og norðast í bæjarhólnum var votheys-gryfja úr torfi, grafin og hlaðin af Hjalta Jónssyni bónda í Víðiholti. Hestasteinn er frammi í varpanum, ekki stór, en í honum var lykkja sem nú er þó horfin. ----

Fjósið var sunnan við bæinn og lá rangali út að læknum sem láttinn var renna þar í gegn. Var rangalinn svo lágur að maður varð að ganga boginn til að sækja vatnið. Rétt austan við bæinn var hlandfor, mjög stutt frá. ----

Vatnsból var fyrrum í bæjarlæknum, sem fellur niður 20 -30 metrum sunnan við bæinn. Síðar var neysluvatnið fengið úr dýjavætu út og upp í brekkunni upp af fjárhúsunum. Þar var sett tunna og grafin leiðsla heim í bæ sem færði heim kalt og gott vatn.

Vatnsmylla var í bæjarlæknum sunnan og ofan við bæinn. Þar er lítt hólmi sem myndaður er af læknum og heitir þar Myllutún. Minjar um mylluna sjást engar, en meðan hún stóð var hún í gangi á hverju sumri, sett niður í lækinn á vorin en tekin upp er frjósa fór á haustin og myllusteinarnir þá fluttir heim í bæ og hafðir þar í handkvörn. ---

Áveitur. Fram frá Valadalsbæ er dalbotninn breiður og sléttur. Þetta var kallað einu nafni Eyrar og var heyskaparland fyrrum, að miklu leiti véltækt. Gamall farvegur árinnar liggar eftir miðjum Eyrunum en Gissur í Valadal veitti ánni í skurð austur að brekkunni. Eyrarnar skiptast í Austur- og Vestur- Eyrar um gamla farveginn. Þarna var áveituengi og sjást enn minjar um grunna skurði og flóðgarða. Stokkur heitir lækurinn vestan við Eyrarnar, en þar léti Friðrik Stefánsson í Valadal handgrafa skurð vestur með brekkunum og veita læknum sem kemur framan úr þrengslunum framan við Eyrarnar, þ.e. Klittnalæk. Áður rann sá lækur um þverar Vestur-Eyrarnar þar sem nú heitir Síki, en það skiptir merkjum milli jarðanna Valadals og Valabjarga. ---

Valadalsrétt. Á fyrri hluta og fram yfir miðja 20. öld var stór grjóthlaðin rétt sunnan við fjárhúsin ofan við bæinn. Til hennar var smalað úr Valadalslandi og heimaféð dregið úr, en úrtíningurinn síðan rekinn niður í Álfstagerðisrétt. Réttin tók 800 fjár, en þegar fjárflest var í Valadal tók hún stundum ekki allt féð sem smalað var af Valadalslandi. Réttin er nú með öllu horfin. ----

Kárafitjar / Kársstekkur ($65^{\circ} 29' 341 / 19^{\circ} 37' 284$). Hæð 300 metrar. Spölkorn upp með Kvartingsdalsá er komið í graslendi sunnan undir allmiklu melasvæði sem kallast Miðdegismelar. Þar er Kársstekkur, sem svo er nú nefndur, í vallgrónum hvammi. Greinilega sést fyrir fornnum vallargarði að norðan upp með melnum. Er kemur upp á holtið sveigir hann til suðurs og er þar viða rofinn og sums staðar með öllu horfinn, en þó má fylgja honum suður að skurðenda þar sem hann þverbeyfir niður að ánni. --- Húsa-rústir eru á mörgum stöðum sem víesar ótvírætt á fornbýli og má slá því föstu að hér hafi verið fornbýlið Kárafitjar. Síðar hefur verið byggður á staðnum stekkur frá Valadal.

(Sjá einnig nr. 168 hér á undan.)

Hádegissel ($65^{\circ} 28' 980 / 19^{\circ} 36' 816$. Hæð 350 m). Hádegislækur kemur eftir Hádegisgili úr Hádegisdal milli Móðólfssells að norðan og Hádegishnjúks og Víðirfells að sunnan. Neðarlega í gilinu er allhár foss sorfinn í bergið. Lítill en djúpur hvammur er utan við lækinn, neðst ofan við mótt lækjarins og Kvartingsdalsár ----. Í þessum hvammi eru rústir af u.p.b. 12 m löngu húsi og því nær 4 m. á breidd. Sunnan við á gilbarminn kunna að vera aðrar rústir, e.t.v. af litlum kvíum eða kofa. Hvammurinn hefur verið algirtur með garði sem glögglega sést ofarlega í hvamminum. --- Garðurinn bendir til fastrarar búsetu, en búsældarlegt er hér ekki þar sem heyskapur er næsta líttill nema sótt hafi verið út og niður á - velli, nokkur hundruð metra vegalengd. Staðhættir koma vel heim við að hér hafi verið sel um tíma, þótt garðurinn vísí til fastrarar búsetu. Nafn þessara rústa er nú týnt, en best að gefa þeim nafnið Hádegissel.

Valadalssel ($65^{\circ} 27' 978 / 19^{\circ} 36' 060$) er við sýslumörk frammi á Kvartingsdal í 400 m hæð yfir sjó, neðan undir mynni Selgils sem jafnframt er sýslumerki. Þar er allhár hóll og á honum selrústir, mjög glögg ummerki mannvistar, en veggjaskil reyndar ekki svo skýr. Rúst selkofanna er 8 m. löng og 3-4 á breidd, en nokkrum metrum utar og ofar undir brekkunni eru mjaltakvíarnar, og þó óglöggar. ----

Þúfnavellir ($65^{\circ} 27' 695 / 19^{\circ} 36' 005$. Hæð 400 m.y.s.) Frá Selgili er um það bil hálfur kílómetri fram að Faxagili. Er undirhlíðin og undirlendið vel grösugt þangað frameftir og kallast einnig Selhlíð.

Faxasel ($65^{\circ} 27' 583 / 19^{\circ} 35' 772$). Skammt frá Þúfnavöllum, uppi í mynni gilsins, ofan lækjarins, er dálítill þúfnamór. Þar sýnast vera afgamlar tóftir með litlu einu af grjóti í og standa vitund hærra en móarnir umhverfis frammi á barmi lækjargilsins. Þetta gæti verið seltóft og litlu utar, svo sem 15 - 20 metrum, kunna að vera kvíar í löngum þúfnaskorningi ($65^{\circ} 27' 594 / 19^{\circ} 35' 804$).

Gerði ($65^{\circ} 30' 090 / 19^{\circ} 36' 970$) heitir vestan ár, litlu norðar en á móti Valadalsbæ. Þar er nokkurt túnstæði og voru fjárhús á fyrri hluta 20. aldar en steypd súrheysgryfja var brotin niður sumarið 2001. Áður sáust þar gömul tóftarbrot. Sóknarlýsing frá 1842 telur Gerði fornt eyðibýli. +

Kárahús ($65^{\circ} 30' 588 / 19^{\circ} 38' 631$). Tunga heitir landsvæðið milli Valadals og Vatnshlíðarvatns. Þar byggði Friðrik Stefánsson beitarhús talsvert sunnan við vatnið á hól sem nú er undir byggðalínunni. Þangað er um eða yfir hálftíma gangur frá Valadalsbæ og var leiðin vörðuð yfir Tunguna. Um eða eftir 1930 byggði Kári Jónsson í Valadal þessi hús upp og hafði þar fé sitt. Húsin töku þá 70-80 kindur og lá oftast við opið. Á þeim tíma var oftast talað um Beitarhúsin en síðar var farið að kalla þetta Kárahús. Heyskapur var mest sóttur í Partinn, engjastykki sem liggur upp frá Vatnshlíðarvatni með Arnarvatnslæknunum. Húsin munu líklega hafa verið rifin 1955, en árinu áður keypti Kári Valagerði og flutti þangað fínað sinn.

Hringlaga gerði ($65^{\circ} 30' 343 / 19^{\circ} 38' 392$), um það bil 50 skref að ummáli, er í lítilli laut á að giska 300 metra upp frá beitarhúsatóftunum. Varla getur verið um annað að ræða en nátthaga og virðist ekki ýkja gamalt. (Byggðasaga Skagafjarðar II. bindi.)

Í þessum kafla koma m.a. fram nöfnin: Fjárhús (221), Presthólar (222), Presthólflesjur (223), Kvíarúst (224), Garðar þrír (225), Fjárhúsgarðar (226), Smalavarða (227), Kvarningsdalsá (228), Hádegislækur (229), Steinkustein (230), Gamli bærinn (231), Hlöðaeldhús (232), Bæjarhóll (233), Votheysgryfja (234), Hestasteinn (235), Varpi (236), Fjós (237), Rangali (238), Vatnsból (239), Bæjarlækur (240), Vatnsmylla (241), Myllutún (242), Myllustinar (243), Handkvörn (244), Áveitur (245), Eyrar (246), Austur-Eyrar (247), Vestur-Eyrar (248), Gamall farvegur (249), Flóðgarðar (250), Stokkur (251), Klittnalaekur (252), Síki (253), Valadalsrétt (254), Fjárhús (255), Kárafitjar (256), Kársstekkur (257), Kvarningsdalsá (258), Miðdegismelar (259), Vallargarður (260), Húsarústir (261), Fornbýli (262), Stekkur (263), Hádegissel (264), Hádegislækur (265), Hádegisgil (266), Hádegisdalur (267), Móðólfssfell (268), Hádegishnjúkur (269), Víðirfell (270), Hvammur (271), Valadalssel (272), Kvarningsdalur (273), Selgil (274), Sýslumerki (275), Selrústir (276), Selkofar (277), Mjaltakviar (278), Púfnavellir (279), Faxagil (280), Faxasel (281), Gerði (282), Kárahús (283), Tunga (284), Vatnshlíðarvatn (285), Beitarhús (286), Byggðalína (287), Partur (288), Arnarvatnslækur (289) og Hringlaga gerði (290).

Frá Skagfískum annál.

Skagfískur annáll 1847 - 1947 eftir Kristmund Bjarnason, kom út árið 1998. Þar er Valadalur nefndur á nokkrum stöðum.

Árið 1851, í maí: Hjónin Björn Björnsson og Sigurbjörg Björnsdóttir fluttust í nýbýlið Valagerði, nyrst í landi Valadals.

Árið 1870, um vorið: --- Ýmsir bændur fóru hinsvegar norður á Sand (þ.e. Böggvisstaðasand) til fiskikaupa. Þangað hélt Pétur Pálmason í Valadal með tíu hesta undir reiðingi vorið 1870, þegar ördeyða var á Skagfíroði.

Árið 1881 : Eyjólfur Hansson, Valadal, var skipaður hreppstjóri í Seyluhreppi.

Árið 1884: Eyjólfur Hansson, Valadal, var kosinn oddviti í Seyluhreppi.

Árið 1887: Eyjólfur Hansson, Valadal, var kjörinn sýslunefndarmaður í Seyluhreppi.

Eyjólfur Hansson (1841- 1908) var bóndi í Valadal 1876- 1891, Brekku í sama hreppi 1891- 1892. Hreppstjóri Seyluhrepps 1881- 1892, oddviti 1884- 1888, og sýslunefndarmaður 1887- 1892.

Háffjallið austan Valadals.

Fjallgarðurinn austan Valadals en vestan Víðimýrardals er talsvert hár. Hann nær frá Vatnsskarðinu suður að Hrómundarskarði. Samkvæmt landakorti útgefnu 2006, eru hæðartölur þessar. Valadalshnjúkur (291) sem er norðast, **849 m.** Næst er Nónskál og sunnan við hana Hellufell (292) 915 metra hátt. Suður undir Hrómundarskarði er Kista (293) og vestur af Kistu er Víðirfell (294), **679 m.** hátt. Þar á milli er Þróngidalur (295).

Frá Sýslunefndarsögu Skagfirðinga.

Sýslunefndarsaga Skagfirðinga, eftir Kristmund Bjarnason, kom út árið 1987 og 1989.

Á bls. 94- 96 er skrá yfir brýr yfir vatnsföll í sýslunni og á þeiri skrá er Valadalsárbrú (296) smíðuð árið 1979. (Brúin smíðuð árið 1980, segir heimildarmaður). Einnig er þar nefnd brú á Sæmundará á Vatnsskarði, smíðuð 1973.

--- Höfuðáherzla var lögð á gerð Norðurlandsvegar (297) á stríðsárunum (1939-1945). Unnið var að vegarlagningu á Vatnsskarði , -----.

„Býlið talið farsældarbýli”

Í Skagfirðingabók nr. 7 er þáttur um Jón Pétursson og Sólveigu Eggertsdóttur á Nautabúi, eftir Guðmund Jósafatsson frá Brandsstöðum. Þar segir m.a.:

Árin 1891 - 1897 bjuggu þau í Valadal. Býlið var erfitt, en fleytti þó allmiklu búi, beitar-sælt og landkostir góðir, en engjar rýrar og reitingslegar. Þar bjuggu þau í tvíbýli 1892- 1894. Þeim mun hafa vegnað þar allvel, enda var býlið talið farsældarbýli. Var bústofn þeirra orðinn $14 \frac{1}{2}$ hundrað, er þau fluttu þaðan. Þó höfðu þeim fæðst þar þrjú börn. Var haft eftir Sólveigu, að þar hefði þeim vegnað best.

Vorið 1897 fluttu þau að Nautabúi og bjuggu þar til 1912. -----

Hér var Valadalur talinn vera Farsældarbýli (298).

Bænhús til forna.

Í ritinu; Skrá yfir núverandi og fyrrverandi kirkjur og bænhús í Skagafjarðarprófastsdæmi , sem út kom árið 1999, segir m.a.:

Valadalur. Bænhús til forna segir Jarðabókin 1709-1713. Um miðja 18. öld átti Ragnheiður Jónsdóttir, ekkja Gísla Þorlákssonar biskups, Valadal. Óliklegt er að hún hafi haft bænhús á jörðinni, fyrst svona er tekið til orða í Jarðabók Má ætla að bænhúsið hafi verið aflagt um siðaskipti. Hér kemur fram nafnið Bænhús (299).

Frá bókinni „Af heimvegum”.

(Bókin er eftir ýmsa höfunda og kom út 14. des. 2001. Eftirfarandi er úr kafla þar sem fjallað er um hluta af landi Valadals.)

--- Fram undir mynni Faxagils er glögg húsatóft og í henni mikið af hellugrjóti, líkt og hrúnin varða. Grjóthlaðnar undirstöður veggja sjást glöggt, einkum að sunnan. Þetta virðist rúst af litlu húsi ($65^{\circ} 27' 695 / 19^{\circ} 36' 005$). Tóftin ber þess merki að hún sé ekki mjög gömul. Lítið og hrunið vörðubrot er skammt sunnar og ofar. Upp og út frá tóftinni er fremur slétt graslendi eins og grund og er því sem næst hornrétt eins og þarna hafi verið slétt land. Undirlendi er hér nokkurt en þó stutt upp að fjallsbrekkunni og verða ekki með vissu greindar fleiri húsarústir ofan við grundina.

Í lítilli móatotu við ármótin, þar sem Faxalækur kemur í Kvarningsdalsána, er mjög forn, ferhyrnt rúst í lyngmóa frammi á árbakkanum ($65^{\circ} 27' 669 / 19^{\circ} 36' 008$). Sunnar og ofar, upp við hlíðarrætur, rétt ofan við þurran farveg Faxalækjar, eru tvær aðskildar rústir og verður ekki fullyrt hvers eðlis þær eru. Sú ytri er greinileg húsatóft en ekki stór ($65^{\circ} 27' 668 / 19^{\circ} 35' 912$) Fremri rústin er sterri og ógreinilegri ($65^{\circ} 27' 658 / 19^{\circ} 35' 899$). Vallargarður sést enginn, en allar þessar tóftir gefa sterka vísbendingu um býli eða sel.

(Vitnað er til örnefnaskrár Bergstaða í Svartárdal). „Norðan Faxalækjar í austanverðum Kvarnidal eru gamlar seltóftir kenndar við Bergsst(aði). Norður af þeim eru allmiklar grundir, sem heita Selgrundir. Austurhlíð dalsins heitir Selhlíð. Fakmarkast hún að sunnan af Faxagili, en að norðan af Selhorni, sem er allhvasst

klapparhorn á austan-verðum dalnum og eru landamerki Bergsstaða og Valadals ákveðin.”

Hér er tvímælalaust átt við sama staðinn en ekki hefur tekist að hafa upp á nafni. Það er skoðun þáttarritara að hafi einhvers staðar verið býlið Þúfnavellir frammí á Kvarningsdal, geti það ekki hafa verið annars staðar en hér. -----

Í þessum kafla koma m.a. fram nöfnin ; Faxagil (300), Húsatóft (301), Vörðubrot (302), Faxalækur (303), Kvarningsdalsá (304), Kvarnixdalur (305), Seltóftir (306), Selgrundir (307), Selhlíð (308), Selhorn (309), Þúfnavellir (310).

Staðsetningatölur (hnit) frá Byggðasögu o. fl.

Í kaflanum frá Byggðasögu, bls. 13 - 15 hér á undan, eru staðsetningar eftirfarandi hnit..

1. Valadalur (bærinn) $65^{\circ} 29' 996 / 19^{\circ} 36' 784$.
2. Tóftir á Presthólflesjum $65^{\circ} 30' 352 / 19^{\circ} 36' 346$.
3. Húsatóftir á nesi suðvestan við Kvátóft $65^{\circ} 30' 344 / 19^{\circ} 36' 384$.
4. Smalavarða $65^{\circ} 28' 951 / 19^{\circ} 36' 903$.
5. Steinkusteinn $65^{\circ} 28' 889 / 19^{\circ} 36' 635$.
6. Gamli bærinn $65^{\circ} 29' 996 / 19^{\circ} 36' 784$.
7. Kárafitjar $65^{\circ} 29' 341 / 19^{\circ} 37' 284$.
8. Hádegissel $65^{\circ} 28' 980 / 19^{\circ} 36' 816$.
9. Valadalssel $65^{\circ} 27' 978 / 19^{\circ} 36' 060$.
10. Þúfnavellir $65^{\circ} 27' 695 / 19^{\circ} 36' 005$.
11. Faxasel $65^{\circ} 27' 583 / 19^{\circ} 35' 772$.
12. Gerði (vestan árinnar) $65^{\circ} 30' 090 / 19^{\circ} 36' 970$.
13. Kvíar (líklega) $65^{\circ} 27' 594 / 19^{\circ} 35' 804$.
14. Kárahús $65^{\circ} 30' 588 / 19^{\circ} 38' 631$.
15. Hringлага gerði $65^{\circ} 30' 343 / 19^{\circ} 38' 392$.

Og frá bókinni „Af heimvegum” fást þessar staðsetningar.

16. Forn ferhyrnt rúst þar sem Faxalækur kemur í Kvarningsdal $65^{\circ} 27' 669 / 19^{\circ} 36' 008$.
17. Tvær rústir rétt ofan við farveg Faxalækjar. Sú ytri $65^{\circ} 27' 668 / 19^{\circ} 35' 912$.
18. Og sú fremri $65^{\circ} 27' 658 / 19^{\circ} 35' 899$.

Staðsetningar til viðbótar, 2015.

(Staðsetningartölur (hnit) skrásetjara eru teknar með GPS 72, GARMIN staðsetningatæki. Hæðartölur virðast vera ótryggari en hinrar - og eru því settar innan sviga.)

Rétt vestan við Valadalsárbrú eða Valagerðisbrú (310a), þar sem Valadalsvegur (311) greinist frá Hringveginum, staðs. $65^{\circ} 30' 910 / 19^{\circ} 35' 486$, (skekkja 13, (hæð ca. 275 m.)) Þarna aðeins sunnar er hlið. (Brúin hefur verið kölluð Valagerðisbrú, enda er hún skammt frá bænum Valagerði.)

Á grýttum mel, skammt vestan við Valadalsá (312) og austan við Valadalsveg, þar sem hrossum hefur verið gefið hey, staðs. $65^{\circ} 30' 717 / 19^{\circ} 35' 848$, skekkja 8, (hæð ca. 296 m.) Þarna á móti, austan árinnar, eru grasi grónar brekkur.

Í Valadal er nú komin stórbygging, sem er íbúðarhús úr timbri, staðs. $65^{\circ} 30' 000 / 19^{\circ} 36' 793$, skekkja 18, (hæð ca. 296 m.) Stuðlasteinum (ekki háum) er raðað meðfram húsinu. Skammt suðvestan við húsið stendur mannhæðarhár stuðlabergssteinn á steyptum palli.

Annað hús, minna og einnig nýlegt stendur spöl norðaustar.

Vestan við ána og rétt austan við Valadalsveg, stendur stórt braggalaga hús, sem hér á undan er nefnt Fjárhús (313), staðs. við húsið, $65^{\circ} 30' 173 / 19^{\circ} 36' 738$, skekkja 11. Tún er þarna austan við og norðan við.

Frá ferð að rótum Valadalshnjúks.

25. júlí 2015.

Ofan við efra húsið, skemmuna, eru tveir eða þrír hólar í röð norður- suður. Á miðhólnum eru ummerki eftir byggingar, en lítið sést nema tveir steinsteyptir Fjárhúsgarðar (314) um 8 metra langir. Staðs. **65° 29' 988 / 19° 36' 668**, skekkja 8, (hæð ca. 308 m.) Einnig sér í stein-steyptan grunnvegg norðan við. Einhvert nýlegt mannvirki (ekki stórt) er fast sunnan við.

Upp frá bænum liggar nú (2015) jeppafær vegarslóð, og upp snarbratta brekku rétt norðan við Bæjarlækjargilið (315), staðs. **65° 29' 924 / 19° 36' 555**, skekkja 8, (hæð ca. 337 m.) Girðing fer upp sunnan við gilið.

Nokkru ofar fer jeppavegurinn í gegnum nýtísku hlið á girðingu, sem liggar þar norður - suður og suður yfir Bæjarlækjargilið. Staðs. við hliðið **65° 29' 903 / 19° 36' 293**, sk. 10, (hæð ca. 368 m.). Þessi girðing, sem virðist nýleg, tekur stefnu til vesturs spölkorn norðar og nær a.m.k. niður að túnum. Í þetta hólf er ? búið að planta allmiklu af trjáplöntum.

Slóð, eins og leiðsla hafi verið plægð í jörð niður, nær a.m.k. niður um fyrnefndar fjárhúsleifar, kemur ofan úr Húsal (316). Þetta mun vera Vatnsleiðsla (317). Staðs. þar sem hún fer yfir Bæjarlækinn, uppi undir mynni Húsal, **65° 29' 814 / 19° 35' 774**, sk. 8, (hæð ca. 422 m.). Þetta mun vera aðrennslislögn að Stöðvarhúsi virkjunar.

Á lágum mel niður undan suðvestasta kletti í Valadalshnjúk (318), staðs. **65° 30' 033 / 19° 35' 108**, sk. 7, (hæð ca. 440 m.).

Staðs. á mel upp við rætur hnúksins, **65° 30' 074 / 19° 35' 002**, sk. 8, (hæð ca. 445 m.) Rétt norðan við melinn er allmikil votlend grasdokk.

Varða (319), fallega hlaðin rétthyrningur, stendur á mel vestur á dalbrún og sunnan við bleytu-drag, staðs. **65° 30' 157 / 19° 36' 022**, sk. 10, (hæð ca. 384 hjá vörðunni). Sér til bæjarins.

Önnur Varða (320), há og grönn, stendur á melbrún út og upp frá bæjarhúsum. Staðs. **65° 30' 069 / 19° 36' 301**, sk. 10, (hæð ca. 358 m. hjá vörðunni.)

Spöl norðan við bæjarhúsin er komið nýlegt mannvirki, sem er Stöðvarhús (321) virkjunar.

Suður frá Bæjarlæk.

Á hól spölkorn sunnan við Bæjarlækinn var Hesthús (322) og fleira. Höllinn heitir Gerði (323). Hann er nú (ágúst 2015) vafinn grasi, en þó eru þar graslauðar lautir, en þarna voru bæði hrútakofi og hlaða úr torfi. (sbr. nr.11 hér á undan) Engar mannvirkjaleifar sjást nú. Sunnan í Gerðishólnum var matjurtagarður. Staðs. **65° 29' 906 / 19° 36' 813**, skekkja 6, (hæð ca. 303 m.) Tún virðast vera bæði norðan og vestan við hólinn og skurðir eru vestan við og austan við hann.

Drjúgan spöl suður á flatlendinu, suður undan bæjarhúsunum, er mannvirkisleif skammt austan við núverandi farveg árinnar og vestan við eldri farveg. Þarna virðist hafa verið hús, um 3 x 5 metrar að utanmáli. Staðs. **65° 29' 796 / 19° 37' 138**, sk. 6, (hæð ca. 288 m.). Þar skammt sunnar er öflugur garður austur - vestur, líkur Vallargarði, en þetta var Áveitugarður. Ætla má að þessi mannvirkisleif sé svonefndur Kálfstekkur (324), en ekki hefur heimildarmaður heyrt þetta nefnt því nafni. (samanber nr. 126 hér á undan).

Staðs. við mynni dals, staðs. **65° 29' 827 / 19° 36' 870**, sk. 9. Þessi dalur sameinast Kvarningsdal (325) nokkru sunnar. Girðingarundirhléðsla sést að suðvestan-verðu, eins og að girt hafi verið fyrir dalsmynnið og einnig vottar fyrir henni suður með dalbotnimum að vestan. Vegslóði, traktorsfær, er suður með að vestanverðu.

Vestan við dalsendann, á grýttum mel er staðs. **65° 29' 703 / 19° 36' 900**, sk. 9, (hæð ca. 338 m.) Skurður er fram eftir dalnum og einnig girðing, nýleg og öflug.

Við hlið á nefndri girðingu þar sem hún hefur tekið stefnu í vestur (og svo norðvestur) og tveir dalir eru að verða að einum dal, er staðs. við hliðið **65° 29' 301 / 19° 37' 209**, skekkja 7 (hæð ca. 334 m.). Kvarningsdalsá (326) fer út vestari dalinn. Að sögn heimildarmanns.

Spöl sunnar, á lágum melhól austan lækjarins eða árinnar, er að líkindum nokkurt efni úr eldri girðingu, upphringaður gaddavír og staurar í hrúgu, staðs. $65^{\circ} 29' 221 / 19^{\circ} 37' 187$, skekkja 6, (hæð ca. 337 m.) Á háum mel skammt suðvestar, vestan við ána, sýnist standa varða og mun það vera Smalavarða (328). (Samanber nr.227 hér á undan.) Í austri frá þessum stað er Móðarsfell og í suðaustri Hádegishnjúkur.

Nokkru norðar er Varða (329) á grýttum hól, rétt austan við ána úr Kvarnisdalnum þar sem hún rennur ofan í Valadalinn (330), staðs. $65^{\circ} 29' 557 / 19^{\circ} 37' 615$, sk. 6, (hæð ca. 320 m.).

Viðbót úr nágrenni bæjar.

(Skoðað 14. 08. 2015.) Gerði (331) sem er vestan við Valadalsá. Þar, móts við bæinn í Valadal, er mjög grösugur hóll og á honum líklega mannvirkjaleifar, staðs. $65^{\circ} 30' 096 / 19^{\circ} 36' 963$, skekkja 6, (hæð ca. 293 m.) Aðeins vottar fyrir lautum á hólnum og einnig steinsteypu-steinum, enda kemur fram í heimildum (sjá hér á undan nr.) að þarna á gerðinu voru fjárhús (332) og steinsteypt votheystóft (sbr. nr. 59 og 96 hér á undan). Líklega er tún í kring og girðing norður - suður er skammt vestan við hólinn.

Á síðustu tímum hafa verið miklar framkvæmdir í gangi í Valadal. Nú stendur þar stórt íbúðarhús og annað minna hús spöl norðaustar. Skammt suðvestan við stóra húsið stendur ferkantaður steinn upp á endann, um 1,50 m. á hæð og stendur á steyptum palli og á hann mun vera ætlunin að setja skilti.

Sunnan við stóra húsið er trépallur og timburborð á honum. Á húsinu er neðri hluti norðurveggjar hlaðinn úr torfi og grjóti - og virðist það snildarvel gert.

Gamli bærinn (333) var rétt austan við íbúðarhúsið (stóra), en litlar minjar munu sjást. Staðs. $65^{\circ} 29' 989 / 19^{\circ} 36' 764$, skekkja 7, (hæð ca. 291 m.). Þar örskammt suðaustar er nú allstór steinsteypt plata, sem hefur verið á grafreit. Á henni eru tvö skilti með nöfnum. Annað með nafninu: Sigríður Jóhannsdóttir f. 1. 10. 1852, d. 11. 6. 1934. Og á hinu Jón Árnason Valadal f. 23. 7. 1885, d. 12. 10. 1938. „Blessuð sé minning þín.”

Þarna skammt ofar er smáhóll eða rindi, staðs. $65^{\circ} 29' 976 / 19^{\circ} 36' 757$, skekkja 9, (hæð ca. 292 m.)

Spölkorn norðan við bæjarhúsin er Heimilisrafstöð (334) í húsi sem að mestu er falið undir hól, er sýnist vera úr mold og grjóti. En dyr eru að norðanverðu, þar sem veggur er að hluta úr steinsteypu, en að hluta hlaðinn úr grjóti og torfi. Staðs. $65^{\circ} 30' 029 / 19^{\circ} 36' 707$, skekkja 13, (hæð ca. 287 m.) Frá húsinu fer dálítill lækur eftir skurði til norðurs. Skammt norðvestan við húsið er kassi úr málmi, merktur Rarik spennistöð og Rarik 286, háspenna.

Hóll sem er skammt sunnan við Fjárhúshól (335) en norðan við Bæjarlækinn (336) er nú mjög grösugur og mannvirkjaleifar sjást nú ekki þar. Staðs. $65^{\circ} 29' 961 / 19^{\circ} 36' 689$, skekkja 6, (hæð ca. 308 m.). Þetta er Bjarnahóll (337) efst í túni (sbr. nr. 51 hér á undan). Rétt austan við hólana, í brekkurótum, sést líklega túngarður. Sunnan í hólnum var Matjurtagarður (338). (J.G.)

Sumarbýlið Valabakki.

Stefán Gissurarson frá Valadal fékk árið 1992 tveggja hektara land norðast úr landi Valadals og hóf þar skógrækt. Síðar fékk hann 2 hektara til viðbótar og byggði fallegt timburhús sem heitir Valabakki (339). Rafmagn kom þangað árið 1997. Útsýni er talsvert mikið.

Landblettur Valabakka nær að Vatnshlíðarvatni (340) að norðan og Bílveginum (341) gamla að sunnan. Þetta land er afgirt og búið að rækta upp skóg í því nær öllu. Einnig voru búnar til fjórar smáeyjar í Vatnshlíðarvatnið nálægt landi Valabakka. Eigandi Valabakka, Stefán Gissurarson, dvelur þar mikið á sumrin.

Presthólar og Grænabrekka.

Grænabrekka (342) skammt vestan við Valadalsána og blasir við frá bæjarhúsum í Valadal. Staðs. $65^{\circ} 30' 542 / 19^{\circ} 36' 229$, skekkja 8. Bílvegur nútímans fer um þessa brekku. (Sbr. nr. 101 og 115 hér á undan).

Presthólar (343) tveir. Þeir eru spölkorn sunnan við Grænubrekku og skammt vestan við veginn, en gamlar götur sjást vestan við þá. Syðri hóllinn er stærri, staðs. $65^{\circ} 30' 303 / 19^{\circ} 36' 533$, sk. 8. Þessir hólar eru illgrýttir og gróðurlitlir.

Núverandi landeigendur, 2015.

Skráður eigandi jarðarinnar, **Valadals**, er Eiríkur Kristján Gissurarson. Og eigandi lóðar er fylgir sumarbústaðnum Valabakka (344) er Stefán Gissurarson.

Samkvæmt nágildandi lögum eru allar mannvirkjaleifar, sem orðnar eru 100 ára gamlar, friðaðar.

Viðaukar frágengnir 4. ágúst 2016. R.I.

| <u>Stafrófsröð örnefna og annarra nafna.</u> | <u>Valadalur.</u> |
|--|--|
| Arnarvatn 20, 79, 198 | Griðkonulág 148 |
| Arnarvatnsás 81 | Gríshólar 92, 104 |
| Arnarvatnsendi 33 | Grund 11a |
| Arnarvatnsflói 199 | Graenabrekka 101, 115, 342 |
| Arnarvatnsklauf 78 | Handkvörn 244 |
| Arnarvatnslækur 64, 77a , 289 | Háavarða 162 |
| Austara - Langasund 31 | Hádegisfoss 212 |
| Austur-Eyrar 175, 247 | Hádegisdalur 144, 181, 267 |
| Álfgeirsvellir 207 | Hádegisgil 147, 179, 266 |
| Áveitur 245 | Hádegishnjúkur 18, 177, 269 |
| Bakki 63a | Hádegislækur 146, 229, 265 |
| Beinalág 93 | Hádegissel 264 |
| Beinalágarbotn 97 | Há- Hellufell 24 |
| Beinalaut 95 | Heimilisrafstöð 334 |
| Beitarhús 71, 77b, 286 | Hellufell 15, 130, 292 |
| Bílvegurinn (gamli) 341 | Hestasteinn 192, 235 |
| Bjarnahóll 51, 337 | Hesthús 322 |
| Bjarnakofi 52 | Hesthúshóll 11 |
| Breiðasund 174 | Hlaðvarpi 191 |
| Brekkur 122 | Hlátursbrekka 89 |
| Brúarhóll 22 | Hlíðarvatn 214 |
| Byggðalína 80, 287 | Hlöðaeldhús 232 |
| Bæjargil 159 | Hnjúkur (Valadals-) 140 |
| Bæjarhlað 190 | Holhamýri 32 |
| Bæjarhóll 233 | Hringlaga gerði 290 |
| Bæjarlækjargil 315 | Húsadalur 138, 316 |
| Bæjarlækur 40, 240, 336 | Húsadalsgreni 140a |
| Bæjarvöllur 49 | Húsadalskjaftr 195 |
| Bænhús 5, 299 | Húsahóll 50 |
| Drög 73, 106 | Húsarústir 261 |
| Dýhóll 30 | Húsatóft 301 |
| Dýjastallur 160 | Hvammur 271 |
| Efri- Strýtuhóll 23 | Hverningsdalur 150, 211 |
| Eyrar 202, 246 | Hærrasund 163 |
| Farsældarbýli 298 | Jóhannshóll 74 |
| Faxagil 280, 300 | Katladrág 87 |
| Faxalækur 303 | Katlagren 136a |
| Faxasel 281 | Katlar 132 |
| Fell (Móðarsfell) 139 | Kálfsstekkur 324 |
| Fellsrani 134a | Kárafitjar 206, 256 |
| Fífumýri 194 | Kárahús 283 |
| Fjárhús 221, 255 , 313, 332 | Kársstekksfoss 169, 202 |
| Fjárhúsgarðar 226, 314 | Kársstekkshvammur 170 |
| Fjárhúshóll 335 | Kársstekkskelda 55, 125, 171 |
| Fjós 237 | Kársstekksmýri 124, 172 |
| Flóðgarðar 250 | Kársstekkur 126, 168, 257 |
| Fornþýli 262 | Kelda 114, 166 |
| Gamall farvegur 249 | Ketildrag 86 |
| Gamli bærinn 231, 333 | Ketill 88 |
| Garðar þrír 225 | Ketill - Litli 85 |
| Gerði 44, 53, 282, 323, 331 | Ketill- Stóri 84 |
| Gerði (vestara) 59, 96 | Kista 26, 293 |
| Gerðisgil 47, 56 | Klauf 72 |
| Gerðishóll 46 | Klettlaut 203 |
| Gerðistún 48 | Klittnalækur 252 |
| Grásteinn 116, 209 | Klittur 21 |
| | Klofasteinn 29, 216 |
| | Kluftir 213 |
| | Kúalaut 123 |
| | Kvarningsdalur 152, 305 |
| | Kvarningsdalsá 180, 258, 326,404 |
| | Kvarningsdalur 19,149,178,188, 228, 273, 325 |
| | Kvarningdsalsbrekkur 151 |
| | Kverningsdalur 211 |
| | Kvífarúst 224 |
| | Lambhagi 45, 57 |
| | Langabrekka 69 |
| | Langasund austara 31 |
| | Lág (Lágín) 94 |
| | Lágsund 128, 164 |
| | Litli - Ketill 85 |
| | Ljóskugeiri 155 |
| | Löngubrekka 68 |
| | Matjurtagarður 338 |
| | Melar 167 |
| | Merkjalækur 112 |
| | Miðaftanslaut 91 |
| | Miðaftansmóar 90 |
| | Miðdegismelar 54, 259 |
| | Miðdegissteinar 102 |
| | Miðdegissund 173 |
| | Mjaltakvíar 278 |
| | Moshlíðarhnjúkur 16, 220 |
| | Móðarsfell 17, 134, 200 |
| | Móðarshellir 136 |
| | Móðólfssfell 133 , 196, 268 |
| | Myllulækur 37 |
| | Myllusteinar 243 |
| | Myllutún 58, 242 |
| | Nautaskál 135, 161 |
| | Norðurlandsvegur 297 |
| | Norðurtún 42 |
| | Nónskálarbrún 38 |
| | Partur 66, 77, 288 |
| | Pálshóll 75 |
| | Póstvegur 70 |
| | Presthólflesjur 100, 223 |
| | Presthólar 63, 99, 222, 343 |
| | Rangali 238 |
| | Rauðaskriða 25, 219 |
| | Reiðvegur 210 |
| | Sandar 157 |
| | Selgil 28, 154, 186, 217, 274 |
| | Selgilsgreni 187a |
| | Selgrundir 307 |
| | Selhlíð 187, 308 |
| | Selhorn 153, 309 |
| | Selkofar 277 |
| | Selrústir 276 |
| | Seltóftir 306 |
| | Silungavarða 119 |
| | Silungavörðuhóll 118 |

- Silungavörðulækur 120
 Silungavörðusund 121
 Siggulág 113
 Síki 253
 Skaðalaut 76
 Skessukjaftar 131
 Skriðugil 39
 Skurðagreni 142
 Skurðir 141, 185
 Slakkaflá 111
 Slakkar 83
 Smalabyrgi 137
 Smalavarða 227, 328
 Smjörmóar 143
 Snjógil 158
 Stallur 103
 Steinkusteinn 156, 230
 Stekkjareyri 61
 Stekkur 62, 263
 Stokkur 110, 201, 251
 Stórkelda 327
 Stóramýri 193
 Stóravarða 215
 Stóri- Ketill 84
 Stóristeinn 189
 Strýtuhóll - Efri 23
 Stöðvarhús 321
 Suðurtún 43
 Svartárdalsfjall 12
 Svartiskurður 165
 Sýslumerki 36, 275
 Sæmundará 35
 Tjarnarpollar 82, 107
 Tunga 109, 77c, 284
 Urð (Urðin) 105
 Valabakki 9, 339, 344
 Valabjörg 3 og 6
 Valadalsá 2, 312
 Valadalsbrú 60, 296
 Valadalsdalur 205
 Valadalshnjúkur 14, 129, 291, 318
 Valadalspartur 67
 Valadalsrétt 254
 Valadalssel 218, 272
 Valadalstunga 108
 Valadalstún 41
 Valadalsvegur 311
 Valadalur á Skörðum 1
 Valadalur (dalur) 13, 197, 330
 Valagerði 4 og 7
 Valagerðisbrú 310a
 Vallargarður 260
 Varða 319, 320, 329
 Varpi 236
 Vatnsból 239
 Vatnshlíðarvatn 10, 34, 65, 285, 340
 Vatnsleiðsla 317
 Vatnsmylla 241
 Vatnsskarð 8
 Vestur-Eyrar 176, 248
 Votheysgryfja 234
 Viðirfell 27, 183, 270, 294
 Vínberjadalar 204
 Viðifell 182
 Vörðubrot 302
 Vörðuhóll 117
 Þróngidalur 145, 184, 295
 Þúfnavellir 208, 279, 310
 Þverlágar 98

Kafla- fyrirsagnir.

| | bls. 1 |
|--|------------|
| Heimildir og heimildarmenn | 1 |
| Nokkrir síðustu ábúendur | --- |
| Valadalur var í þjóðbraut | 3 |
| Landlýsing í grófum dráttum | 3 |
| Landamerkjaskrá Valadals | 3 |
| Örnefni í Valadalstúni | 4 |
| Nöfn suður frá Vatnshlíðarvatni | 5 |
| Nöfn austan Valadals og suður ofan við tún | 7 |
| Hlaðvarpi o.fl. | 10 |
| Ýmislegt um jörðina Valadal | 10 |
| Úr fórum Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara | 11 |
| Ljóðað á lítinn foss | 11 |
| Vitnisburður um landamerki | 12 |
| Mynd af Valadalsbænum | 12 |
| <u>Viðaukar árið 2013 - 2015:</u> | |
| Frá Byggðasögu Skagafjarðar | 13 |
| Frá Skagfirskum annál | 15 |
| Háfjallið austan Valadals | 15 |
| Frá Sýslunefndarsögu Skagfirðinga | 16 |
| „Býlið talið farsældarbýli“ | 16 |
| Bænhús til forna | 16 |
| Frá bókinni „Af heimvegum“ | 16 |
| Staðsetningatölur frá Byggðasögu o. fl | 17 |
| Staðsetningar til viðbótar, 2015 | 17 |
| Ferð að rótum Valadalshnjúks | 18 |
| Suður frá Bæjarlæk | 18 |
| Viðbót úr nágrenni bæjar | 19 |
| Sumarþílið Valabakki | 19 |
| Presthólar og Grænabrekka | 20 |
| Núverandi landeigendur 2015 | 20 |
| Stafrófsröð örnefna og annarra nafna | 21 |
| Kafla- fyrirsagnir | 23. |